



---

# Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2015

---

Jafnréttisstofa – Borgum v/ Norðurslóð - 600 Akureyri

Sími: 460 6200 – Netfang: [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is)

[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

---

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR .....	1
HLUTVERK OG SKIPULAG.....	5
EFTIRLIT OG RÁÐGJÖF .....	6
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR .....	6
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR SVEITARFÉLAGA.....	6
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR SKÓLA.....	7
FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM.....	7
UMSAGNIR UM FRUMVÖRP OG ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR .....	8
NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR Á VEGUM RÁÐUNEYTANNA.....	8
ALÞJÓÐASTOFNANIR .....	9
NEFNDIR OG VINNUHÓPAR.....	10
KYNJUÐ HAGSTJÓRN OG FJÁRLAGAGERÐ.....	10
JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA .....	10
VELFERÐARVAKTIN .....	10
MÁLEFNI HINSEGIN FÓLKS .....	10
MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS.....	11
STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA.....	11
FJÖLMIÐLANEFND .....	11
AÐGERÐIR GEGN EINELTI Á VINNUSTÖÐUM .....	11
SAMSTARFSTEYMI VEGNA HEIMILISOFBELDIS.....	12
KYNJASAMÞÆTTING HJÁ AKUREYRARBÆ .....	12
UNDIRBÚNINGSNEFND RÁÐSTEFNU Í TILFNI AF 100 ÁRA AFMÆLI KOSNINGARÉTTAR KVENNA.....	12
RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR.....	13
JAFNRÉTTISTORG.....	13
ÞEING ÁÆTLUNIN TUTTUGU ÁRA.....	13
ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA 8. MARS .....	14
HEILBRIGÐI KVENNA.....	14
FJÖLBREYTT FORYSTA.....	15
KONUR, FÍKN, ÁFÖLL OG MEÐFERÐ .....	16
EVROPSK RÁÐSTEFNA UM HEIMILISOFELDI Í BELFAST .....	16
LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA.....	16
MÁLSTOFA UM KONUR Í SJÁVARÚTVEGI .....	17
ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA VEGNA 100 ÁRA AFMÆLIS KOSNINGARÉTTAR KVENNA .....	18
JAFNRÉTTISÞING 2015.....	18
KONUR Í STJÓRN MÁLUM .....	19
MÁLÞING UM OFBELDI Á LANDSBYGGÐUNUM .....	19
KVENNASÖGUGANGA .....	20
AFMÆLI JAFNRÉTTISSTOFU .....	20
JAFNRÉTTISVIKA Í HÁSKÓLANNNA .....	20
FJÖRUTÍU ÁRA AFMÆLI KVENNAFRÍDAGSINS.....	21
100 ÁRA AFMÆLI KOSNINGARÉTTAR KVENNA MINNST Á HÚSAVÍK.....	21
16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI .....	21

FRÆÐSLUFUNDIR OG ERINDI.....	22
HEIMSÓKN Í NORÐURÞING .....	22
INNLEIÐING JAFNRÉTTISSÁTTMÁLA UN-WOMEN.....	22
ERINDI UM JAFNRÉTTISMÁL.....	22
OPINN FUNDUR Á HVOLSVELLI .....	23
KVENNASKÓLINN.....	23
ÖRNÁMSKEIÐ FYRIR ASÍ .....	23
MENNTASKÓLINN Á EGILSSTÖÐUM.....	23
DELTA KAPPA GAMMA.....	23
HVAMMSTANGI.....	23
NEMENDUR Í BLAÐA- OG FRÉTTAMENNSKU .....	23
NJARÐVÍKURSKÓLI.....	23
INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ .....	23
NÁMSKEIÐ .....	24
STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN .....	24
GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA .....	24
KYNJASAMÞÆTTING .....	24
FRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA .....	24
VERKEFNI .....	25
KARLAR TIL ÁBYRGÐAR.....	25
FJÖLBREYTT FORYSTA.....	25
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í EVRÓPU .....	26
STERKARI SAMAN .....	26
MÓTTAKA GESTA.....	26
STARFSENDURHÆFING NORÐURLANDS .....	26
FYRIRMYNDARADAGURINN .....	26
VÍSINDASKÓLI BARNNA.....	26
BJÖRT FRAMTÍÐ Í HEIMSÓKN .....	27
TRYGGINGASTOFNUN ÍSLANDS.....	27
ERLENDIR GESTIR.....	27
WOMEN DELIVER .....	27
HUMAN RIGHTS MONITORING INSTITUTE.....	27
CENTER FOR WOMEN AND DEMOCRACY .....	28
HEIMSÓKN FRÁ MAKADÓNÍU .....	28
HEIMSKÓKN NEMANDA VIÐ WASHINGTON UNIVERSETY .....	28
HEIMSÓKN FRÁ KANADA.....	29
SVEIGES KVINNO LOBBY .....	29
HEIMSÓKN FRÁ RÚMENÍU.....	29
ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA.....	29
JAFNRÉTTISSTOFA Á NETINU .....	29
UNDIRSÍÐUR .....	30
GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU.....	30
KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2015 .....	30
DAGATAL 2015 .....	30
NORRÆNT DAGATAL .....	31

JAFNRÉTTISMAT .....	31
LYKILLINN AÐ VELGENNI Á VINNUMARKAÐI .....	31
GENDER EQUALITY IN THE ARCTIC .....	31
NORRÆNT SAMSTARF .....	32
ÁRLEGUR FUNDUR NORRÆNNA JAFNRÉTTISSTOFNANA .....	32
SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi .....	32
ESB / EFTA: .....	32
KVENNANEFND SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA .....	32
EVROPURÁÐIÐ .....	33

## INNGANGUR

Árið 2015 var einstaklega viðburðaríkt á sviði kynjajafnréttis einkum vegna þess að haldið var upp á að 100 ár voru liðin frá því að íslenskar konur 40 ára og eldri fengu kosningarétt til Alþingis. Á Jafnréttisstofu sinntum við okkar daglegu störfum, kölluðum inn jafnréttisáætlanir fyrirtækja og skóla, svöruðum ótal fyrirspurnum, aðstoðuðum einstaklinga í ýmis konar málum, héldum fjölda námskeiða og málþinga, tókum á móti erlendum gestum og þannig mætti áfram telja. Jafnframt kom starfsfólk Jafnréttisstofu að viðburðum ársins með margvíslegum hætti. Hér á eftir verður stiklað á stóru hvað varðar störf og atburði liðins árs en lesa má um einstaka viðburði eða verkþætti síðar í ársskýrslunni.

Í upphafi árs gaf Jafnréttisstofa út dagatal sem helgað var afmæli kosningaréttarins og var því dreift í skóla og stofnanir. Á dagatalinu er að finna eftirfarandi tilvitnun í ljóð eftir Ingibjörgu Benediktsdóttur skáldkonu frá árinu 1937 sem sannarlega lýsir vonum kvenréttindakvenna þess tíma:

„Svo áfram systur hlið við hlið, því héðan blasir landið við.  
Hin fyrirheitna fagra strönd, með friðarboga og vor í hönd.“

Í janúar hófst fyrirlestraröðin *Margar myndir ömmu* sem vakti mikla athygli og ánægju en þar flutti fræðafólk erindi um ömmur sínar, langömmur eða jafnvel frænkur. Síðar á árinu voru sumir fyrirlestranna fluttir úti á landi í samvinnu við heimamenn. Undirrituð flutti einn þessara fyrirlestra.

Í febrúar gerðu Akureyrarbær og lögreglan á Norðurlandi eystra með sér samstarfssamning um átak gegn heimilisofbeldi. Forsagan er sú að eftir að í ljós kom að ofbeldi í nánnum samböndum var marktækt algengara á Suðurnesjunum en annars staðar á landinu var sett í gang svokallað Suðurnesjaverkefni sem byggðist á samvinnu lögreglu, félagsmálayfirvalda og barnaverndar við að kveða ofbeldið niður. Þar er skemmst frá að segja að árangur verkefnisins „*Að halda glugganum opnum*“ vakti verðskuldaða athygli og hafa þær verklagsreglur sem teknar voru upp á Suðurnesjunum verið innleiddar víða um land. Jafnréttisstofa og samstarfsteymi gegn heimilisofbeldi efndu á árinu til námskeiða á eftirtöldum stöðum: Eskifirði, Borgarnesi, Ísafirði, Selfossi og Vestmannaeyjum til að kynna Suðurnesjaleiðina en undir lok árs 2014 var fyrsta námskeiðið haldið á Akureyri. Námskeiðin voru afar vel sótt og góður rómur gerður að þeirri fræðslu sem veitt var.

Í febrúar stóð Jafnréttisstofa í samvinnu við ASÍ fyrir vinnustofu um Pekingsáttmálann en hann átti 20 ára afmæli. Pekingsáttmálinn var samþykktur á fjórðu kvennarástefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking árið 1995 og er mikið grundvallarskjal fyrir réttindabaráttu kvenna um allan heim. Margar tillögur voru lagðar fram á fundinum sem fylgja þarf eftir. Á jafnréttistorgi í Háskólanum á Akureyri sem Jafnréttisstofa skipulagði flutti Svanfríður Jónasdóttir fyrrverandi bæjarstjóri á Dalvík og þingkona erindi um kosningarétt kvenna og þátttöku þeirra í sveitarstjórnnum í tengslum við margnefnt afmæli.

Þann 8. mars var haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna. Í Reykjavík hélt samstarfsnefnd stéttarfélaga, Jafnréttisstofa og fleiri fund undir yfirskriftinni *Er tími til að njóta lífsins?* Umræðuefnið var staðan á vinnumarkaði og álag á fjölskyldurnar í landinu. Á Akureyri stóðu Zontaklúbbarnir í samvinnu við Jafnréttisstofu fyrir fundi um: *Ofbeldi á heimilum - áhrif á börn*. Undirrituð hélt erindi á jafnréttistorgi um baráttuna fyrir kosningarétti kvenna til Alþingis undir yfirskriftinni: „*Ég veit enga ambátt um veraldargeim, sem var ekki borin með réttindum þeim*“. Titillinn er sóttur í kvæði eftir Matthías Jochumsson. Í New York hófst árlegur fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna og var

hann að þessu sinni helgaður 20 ára afmæli Pekingsáttmálans. Fundurinn var sérlega vel sóttur af Íslands hálfu enda mikil og fjölbreytt dagskrá í boði.

Í apríl kom út skýrslan Gender Equality in the Arctic en hún er afrakstur samnefndrar ráðstefnu sem haldin var á Akureyri í lok október 2014 en hún var hluti af dagskrá formennskuárs Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Jafnréttisstofa var einn af skipuleggjendum ráðstefnunnar. Skýrslan er sérlega glæsileg og forvitnileg og ættu sem flestir að kynna sér hana. Staða kynjanna á norðurslóðum er um margt athyglisverð, ekki síst staða karla en þeir eiga víða í vök að verjast í breyttum heimi. Jafnréttisstofa stýrði stóru verkefni á árinu um „Fjölbreytta forystu“. Meðal annars var gefið út myndband um „*freka karlinn*“ þar sem Jón Gnarr fer á kostum í hlutverki stjórnandans. Stjórnendur Tryggingastofnunar heimsóttu Jafnréttisstofu og voru ýmis mál rædd sem snerta kynjasjónarmið og snúa að tryggingakerfinu. Það er t.d. áberandi hve miklu fleiri konur eru öryrkjar en karlar og þyrfti að rannsaka það mál sérstaklega. Undirrituð sótti svo ráðstefnu í Brussel þar sem farið var yfir stöðu kynjajafnréttis í álfunni og mikil vinna lögð í að setja fram tillögur um þau málefni sem brýnast væri að taka á. Undir lok maímánaðar hélt Jafnréttisstofa ráðstefnu um fjölbreytta forystu þar sem m.a. voru kynntar rannsóknir á áhrifum kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja. Undir lok mánaðarins var svo haldin ráðstefna á Akureyri í samvinnu HA og Jafnréttisstofu um heilbrigði kvenna í 100 ár. Í júní fóru aðalhátiðarhöldin vegna kosningaafmælisins fram. Í byrjun mánaðarins fór undirrituð til London þar sem íslenska sendiráðið stóð fyrir fundi í tilefni af 100 ára afmælinu. Þangað komu nokkrir breskir þingmenn og var gaman að horfa framan í þá þegar myndir birtust á skjánum um stöðu mála á Íslandi, svo sem að konur væru 40% þingmanna og 44% sveitastjórnarmanna. Þann 18. júní var efnt til árlegrar kvennasögugöngu á Akureyri í samvinnu Jafnréttisstofu, Zontaklúbbanna, Minjasafnsins á Akureyri, Héraðsskjalasafnsins og Akureyrarbæjar.

Á kvenréttindadaginn 19. júní var boðað til funda og hátíðarhalda víða um land. Alþingi hélt sérstakan hátíðarfund þar sem samþykkt var tillaga um stofnun jafnréttisjóðs sem styrkja á rannsóknir og ýmis verkefni sem stuðla munu að aukinni þekkingu eða aðgerðum til að jafna stöðu kynjanna. Framlag til hans verður 100 milljón króna á ári í fimm ár. Styttu af Ingibjörgu H. Bjarnason, fyrstu þingkonunni (1922-1930) var afhjúpuð og síðan var mikil dagskrá á Austurvelli sem og víða annars staðar. Undir lok mánaðarins tók Jafnréttisstofa þátt í Vísindaskóla barnanna og tók á móti nokkrum hópum barna sem höfðu ýmislegt til málanna að leggja.

Í byrjun september var boðað til ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð og vakti hún verulega athygli. Jafnréttisstofa var einn aðstandenda. Því miður eru Íslendingar langt á eftir þegar kemur að meðferðarmálum út frá kynjasjónarhorni, t.d. hefur ekki verið horft nægjanlega til áhrifa ofbeldis á konur og líðan þeirra bæði andlega og líkamlega. Um miðjan mánuðinn hélt Jafnréttisstofa upp á 15 ára afmæli sitt með málþingi þar sem karlar fengu orðið undir yfirskriftinni *Íslenskum karlmönnum vefst ekki tunga um tönn*. Haldin voru bráðskemmtileg og vekjandi erindi enda hafa karlar að sjálfsögðu margt að segja um kynjajafnréttið.

Í byrjun október var haldinn árlegur fundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga á Egilsstöðum og fjallaði hann um skyldur sveitarfélaganna og stöðu mála hjá þeim. Jafnréttisstofa kemur að skipulagningu landsfundarins í samvinnu við það sveitarfélag sem býður heim. Sömu daga fór undirrituð á fund í Seattle á vegum Íslensk-Ameríska verslunarráðsins þar sem fjallað var um stöðu jafnréttismála á Íslandi í samanburði við Bandaríkin. Á jafnréttistorgi í HA kynnti Sigrún Stefánsdóttir bókina Frú ráðherra og Valgerður Sværisdóttir fyrrverandi ráðherra sagði frá reynslu sinni. Næst var röðin komin að 40 ára

afmæli kvennafrídagsins. Á Akureyri var ákveðið að heiðra minningu Vilhelmínu Lever sem fyrst kvenna kaus í almennum kosningum 1863. Minningarskjöldur var settur á húsið þar sem hún kaus og síðan var dagskrá þar sem kvennafrídagsins var minnst. Að þessu sinni var ekki haldinn útifundur í Reykjavík heldur var efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu í Hörpu um borgaraleg réttindi kvenna. Til umræðu voru m.a. lýðræði á Norðurlöndum í 100 ár, sagan og þróun kvenréttinda, líkaminn, vaxandi hatursorðræða og aðgerðir gegn henni, efnahagsleg staða kvenna og næstu skref í baráttunni.

Sérstök hátíðarmálstofa var haldin til heiðurs Vigdísí Finnbogadóttur en með henni voru þær Gro Harlem Brundtland fyrrverandi forsætisráðherra Noregs og Laura Ann Liswood framkvæmdastjóri Council of Women World Leaders. Í hádeginu seinni daginn var efnt til gjörningsins Birtu þar sem sjónum var beint að ofbeldi gegn konum. Vitnað var til lýsinga kvenna á ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir og ljós kveikt, eitt og eitt til að lýsa upp umræðuna eða gefa von, allt eftir því hvernig við viljum túlka aðgerðina. Þetta var mjög áhrifarík athöfn sem fékk gríðarlega góð viðbrögð ráðstefnugesta. Á jafnréttistorgi í HA flutti Ingibjörg Þórðardóttir félagsráðgjafi erindi um birtingarmyndir ofbeldis byggt á frásögnum gerenda.

Í nóvember undirritaði félagsmálaráðherra Eygló Harðardóttir reglugerð um einelti og áreitni sem lengi hefur verið beðið eftir. Haldin var ráðstefna í Háskóla Íslands um bókina Frú ráðherra en hún kom út 19. júní og er eftir þær Eddu Jónsdóttur og Sigrúnu Stefánsdóttur. Í henni er að finna viðtöl við allar þær konur sem gegnt hafa ráðherraembætti á Íslandi nema eina, Auði Auðuns, sem er látin. Árleg skýrsla World Economic Forum um kynjajafnrétti kom út og sjöunda árið í röð var Ísland í efsta sæti listans. Við upphaf alþjóðlegs átaks gegn kynbundnu ofbeldi 25. nóvember var haldið jafnréttisþing. Hlutverk þingsins er að efna til umræðu milli stjórnvalda og þjóðar um málefni kynjajafnréttis og gefa áhugasömum kost á að hafa áhrif á stefnumótun í jafnréttismálum. Í ár var sjónum beint að kynjuðum birtingarmyndum, m.a. í hatursorðræðu sem og í kvikmyndum, og fjölmiðlum. Í lok ráðstefnunnar veitti Jafnréttisráð í fyrsta sinn sérstaka fjölmiðlaviðurkenningu í nokkrum flokkum. Ekki veitir af að veita fjölmiðlum aðhald en glæný könnun, sem kynnt var á jafnréttisþinginu, sýnir að hlutur kvenna hefur ekkert aukist frá því um síðustu aldamót. Það þarf heldur betur að taka til í fjölmiðlaheiminum. Í tilefni jafnréttisþingsins lagði félags- og húsnæðismálaráðherra fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála sem er fróðleg lesning.

Í byrjun desember boðaði Jafnréttisstofa til málþings ásamt Aflinu – sem eru samtök gegn kynferðisofbeldi. Málþingið var hluti af 16 daga áttakinu gegn kynbundnu ofbeldi. Til umræðu var ofbeldið á landsbyggðunum. Þetta var afar athyglisvert málþing þar sem margt kom fram sem bæta þarf. Það er ljóst að ofbeldismál sem tengjast nánnum samböndum og börnum skila sér ekki, hvorki til lögreglu né félagsmálayfirvalda. Smæð samfélaganna og nándin eru erfið við að eiga og því brýnt að minna fólk á að það er borgaraleg skylda að tilkynna um slæmar aðstæður barna. Bæta þarf þjónustu við brotþola, t.d. á FSA og endurreisa neyðarmóttökuna sem og að efla samvinnu þeirra aðila sem koma að málum. Undir lok þings leiddi Alþingi kynjaða fjárlagagerð í lög og lögð var fram ítarleg skýrsla um stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Hér hefur verið stiklað á stóru á viðburðaríku ári. Fyrir utan það sem hér hefur verið nefnt var fjöldi listsýninga, t.d. á verkum Nínu Tryggvadóttur og Nínu Sæmundsen. Bæði Þjóðminjasafnið og Þjóðarbókhlaðan efndu til sögusýninga og þannig mætti áfram telja upp viðburði um allt land. Heimildarmyndin *Hvað er svona merkilegt við það?* Mynd um kvennaframboð, kvennalista o.fl. var tekin til sýninga og ekki má gleyma hlut RÚV sem m.a. sýndi 52 stuttar heimildarmyndir um konur,

efndi til umræðu- og viðtalsþátta, tónlistarþátta og sjónvarpaði frá samkomunni í Reykjavík 19. júní. Það sem bar þó hæst á árinu og verður sennilega lengst í minnum haft er uppreisn ungu kvennanna á samfélagsmiðlunum og víðar. Í mars spratt upp hreyfingin *Free the nipple* (Frelsun geirvörtunnar) þar sem ungar konur dreifðu myndum af brjóstum sínum til að undirstrika að þær eiga sinn líkama sjálfar og þeirra er að stjórna því hvernig með hann er farið. Aðgerðin vakti heimsathygli og er engan veginn lokið. Skömmu síðar hófst mikil umræða á *Beauty Tips* um kynferðisofbeldi gegn (ungum) konum þar sem hundruð kvenna sögðu sögu sína. Umræðan varpaði ljósti á hve skelfilega útbreitt kynferðisofbeldi er og hve alvarlegar afleiðingar það hefur fyrir brotapolu. Það er eitt brýnasta mál samtímans að kveða niður ofbeldis(ó)menninguna. Undir lok árs setti innanríkisráðherra á fót nefnd sem á að koma með tillögur um aðgerðir hvað varðar málsmeðferð kynferðisbrotamála o.fl. því tengt en á árinu var efnt til harðra mótmæla vegna linkindar í nauðgunarmálum.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki Jafnréttisstofu vel unnin störf sem og samstarfsaðilum okkar heima og erlendis. Viðburðarríkt ár er að baki en nóg er af verkefnum framundan.

Kristín Ástgeirsdóttir



## HLUTVERK OG SKIPULAG

Jafnréttisstofa annast stjórnýslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn velferðarráðherra og tók formlega til starfa 15. september árið 2000.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2015: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, Anna Hallgrímsdóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Bergljót Prastardóttir, Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Huguína R. Hjaltadóttir, Ingibjörg Elíasdóttir og Tryggvi Hallgrímsson. Jón Birkir Bergþórsson var starfsnemi á Jafnréttisstofu frá hausti 2015.

Í samræmi við 4. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna,
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna,
- koma með tillögum að sértækum aðgerðum,
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna,
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Sérstaklega er tekið fram í lögunum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

## EFTIRLIT OG RÁÐGJÖF

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Stofan sér einnig um fræðslu og upplýsingastarfsemi og veitir stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna.

Töluvert er um að leitað sé til Jafnréttisstofu með ýmis mál er snerta kynjajafnrétti, flest berast erindin í gegnum síma eða með tölvupósti. Sum erindin eru lagalegs eðlis en önnur snúa að hagnýtri framkvæmd jafnréttisstarfs. Jafnréttisstofa leitast við að leysa málin ýmist með almennri ráðgjöf, ráðgjöf um réttarstöðu og/eða með því að benda á mögulegar leiðir til lausnar mála. Stofan hefur samband við þann eða þá aðila sem hugsanlega hafa brotið gegn jafnréttislögum og óskar skýringa og upplýsinga, eftir því sem við á í hverju tilfalli. Flest mál leysast í framhaldinu. Ef þau gera það ekki og einstaklingur vill kæra mál til Kærunefndar jafnréttismála til að fá úr máli sínu skorið, þá veitir Jafnréttisstofa leiðbeiningar varðandi kærana og kæruférlað.

### JAFNRÉTTISÁÆTLANIR

Jafnréttisstofa sinnir eftirlitshlutverki sínu m.a. með innköllun jafnréttisáætlana. Fyrirtæki og stofnanir sem hafa fleiri en 25 starfsmenn skulu hafa jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, sbr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir setji sér slíkar áætlanir, lögum samkvæmt. Í samræmi við hlutverk sitt veitir Jafnréttisstofa stofnunum og fyrirtækjum einnig ráðgjöf við gerð slíkra áætlana. Nokkuð var um það á árinu 2015, eins og áður, að fyrirtæki og stofnanir nýttu sér þessa aðstoð. Jafnréttisstofa heldur einnig námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað. Við innköllun jafnréttisáætlana á árinu 2015 var unnið eftir verklagsreglum um eftirlit Jafnréttisstofu sem settar voru í lok ársins 2013. Tilgangur verklagsreglnanna er að tryggja að eftirlitið sé skýrt, gagnsætt og í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti. Á árinu var áherslan á jafnréttisáætlanir í alla skóla og jafnréttisáætlanir sveitarfélaga.

#### Jafnréttisstarf í sveitarfélögum

- **Jafnréttisáætlanir**
  - Starfsmannamál
  - 18. – 22. grein jafnréttislaga
  - Menntun og skólastarf
  - 23. og 22. grein jafnréttislaga
- **Kynjasambætting**
  - Starfsemi sem nær til borgaranna (veittu þjónustu)
  - 1. grein og 17. grein jafnréttislaga

17

### JAFNRÉTTISÁÆTLANIR SVEITARFÉLAGA

Á árinu voru jafnréttisáætlanir sveitarfélaga kallaðar inn, en Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að sveitarfélög setji sér jafnréttisáætlanir í samræmi við ákvæði jafnréttislaga. Í 12. gr. laganna er sú skylda lögð á sveitarfélög að setja sér jafnréttisáætlun þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum. Einnig þurfa sveitarfélögin að gera framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Starfi fleiri en 25 manns hjá sveitarfélaginu þarf einnig að tryggja réttindi starfsfólks, sbr. 2. mgr. 18. gr., í jafnréttisáætlun. Í október var öllum sveitarfélögum sent bréf og þess óskað að sveitarfélagið sendi Jafnréttisstofu jafnréttisáætlun sína, ásamt framkvæmdaáætlun, í samræmi við ákvæði jafnréttislaga. Ítrekun var send í nóvember til þeirra sveitarfélaga sem ekki höfðu brugðist við bréfi Jafnréttisstofu. Um áramót hafði Jafnréttisstofa fengið 12 jafnréttisáætlanir sem stofnunin taldi uppfylla kröfur jafnréttislaga. Mjög mörg sveitarfélög voru að vinna að því að uppfæra jafnréttisáætlanir sínar eða gera nýjar áætlanir. Þau voru með skilafrest til 15. febrúar 2016. Jafnréttisstofa á í miklu og góðu samstarfi við sveitarfélögin í sambandi við vinnu við jafnréttisáætlanir og væntir þess að flest sveitarfélög verði komin með jafnréttisáætlanir í samræmi við ákvæði jafnréttislaga snemma á næsta ári.

## JAFNRÉTTISÁÆTLANIR SKÓLA

Jafnréttisstofa vann verkefnið *Jafnréttisáætlanir í alla skóla* í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðneytið frá vori 2013 til vors 2015. Af hálfu Jafnréttisstofu lauk verkefninu formlega í árslok 2015. Þá höfðu 96% grunnskóla skilað fullnægjandi jafnréttisáætlun og/eða umbeðnum gögnum til Jafnréttisstofu, um 80% leikskóla og 74% tónlistarskóla. Jafnréttisáætlanirnar sem bárust voru margar hverjar mjög vandaðar og metnaðarfullar en aðrar nokkuð síðri. Greinilegt er að víða í skólum vantar töluvert upp á kynjafræðipækkingu skólastjórnenda og/eða þeirra sem bera ábyrgð á jafnréttismálum innan skólanna.



### Jafnréttisáætlanir í alla skóla

Armfriður Aðalsteinsdóttir  
Jafnréttisstofa

Skólar með fleiri en 25 starfsmenn þurfa, samkvæmt 18. gr. jafnréttislaga, að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun þar sem tilgreint er hvernig starfsmönnum eru tryggð réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. gr. laganna. Auk þess ber skólum sem menntastofnunum að uppfylla 22. gr. og 23. gr. jafnréttislaga er snúa að nemendum. Segja má að jafnréttisáætlunin sé staðfesting á því að skólinn vinni eftir jafnréttislögum. Í aðgerðaáætluninni kemur svo fram hvernig markmiðum jafnréttisáætlunarinnar er náð, til hvaða aðgerða er gripið, hver ber ábyrgð á því að aðgerðunum sé framfylgt og innan hvaða tímaramma þeim skal lokið.

Í 18. gr. 3. mgr. segir einnig: Fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. skulu afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætlun þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Enn fremur skulu fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því innan hæfilegs frests. Í samræmi við ofangreint mun Jafnréttisstofa á næstu árum kalla eftir skýrslum frá skólunum um stöðu og þróun jafnréttismála. Innköllun hefst hjá grunnskólum haustið 2016.

## FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Ráðherra jafnréttismála skal, samkvæmt 11. gr. jafnréttislaga, innan árs frá alþingiskosningum leggja fram tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Áætlunin byggir meðal annars á tillögum frá einstökum ráðuneytum, Jafnréttisstofu, Jafnréttisráði og umræðum jafnréttisþings. Jafnréttisstofa sinnir eftirliti með framgangi áætlunarinnar eftir því sem við á. Eftirlitið felur meðal annars í sér að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna skila Jafnréttisstofu skýrslu um stöðu mála um hver áramót. Hlutverk fulltrúanna er að fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta. Árið 2015 var engin framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum í gildi þar sem gildistíma síðustu áætlunar lauk árið 2014. Tillaga að nýrri framkvæmdaáætlun hafði enn ekki verið lögð fram á Alþingi um áramótin 2015-2016.

*UMSAGNIR UM FRUMVÖRP OG ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR*

Á hverju ári fær Jafnréttisstofa umsagnarbeiðnir frá nefndasviði Alþingis um frumvörp til laga og þingsályktunartillögur. Rétt er að geta þess að umsagnarbeiðnir á árinu 2015 voru mun færri en oft áður. Jafnframt var lögfræðingur Jafnréttisstofu í veikindaleyfi um tíma á fyrrihluta árs og þá voru ekki tók á að senda umsagnir. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2015:

*144. löggjafarþing:*

Mál nr. 436 Frv. til laga um breyt. á almennum hegningarlögum (hefndarklám)

Mál nr. 339 Frv. til breyt. á lögum um orlof húsmæðra (afnám laganna)

Mál nr. 562 Frv. til breyt. á jafnréttislögum (vörukaup og þjónusta)

*145. löggjafarþing:*

Mál nr. 3 Frv. til breyt. á lögum um almannatryggingar (hækkun lífeyris)

Mál nr. 229 Frv. til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

Mál nr. 332 Frv. til laga um fullnustu refsinga

*NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR Á VEGUM RÁÐUNEYTANNA*

Með lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var fyrsti kynjakvótinn leiddur í lög á Íslandi. Í 15. gr. laganna segir að „við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“ Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga og fær upplýsingar um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í árlegri greinagerð frá jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna. Eftir lagabreytinguna 2008 er hver nefnd fyrir sig skoðuð og eru ráðuneytin beðin um að gera grein fyrir ástæðum þess ef nefndir eru ekki skipaðar í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga. Með vísan til eftirlitshlutverks síns metur Jafnréttisstofa hvort sérhver nefnd sé skipuð í samræmi við 15. gr. laganna eða ekki. Telji Jafnréttisstofa svo ekki vera þá fær viðkomandi ráðuneyti athugasemdir og tilmæli um að færa skipan til samræmis við 15. gr. Þegar litið er til meðaltals á skiptingu nefndarsæta í öllum ráðuneytum eftir kyni kemur í ljós að á árinu 2014 var hlutur kvenna 46% og hlutur karla 54%. Meðaltalið er þó ólíkt milli ráðuneyta og mikilvægt að skoða hverja nefnd og hvert ráðuneyti fyrir sig. Greinagerðina má finna á heimasíðu Jafnréttisstofu á slóðinni

[http://jafnretti.is/D10/ Files/nefndir2014.pdf](http://jafnretti.is/D10/Files/nefndir2014.pdf)



Skýrsla Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2014

September 2015

### ALÞJÓÐASTOFNANIR

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um jafnrétti kynjanna og fær Jafnréttisstofa reglulega fyrirspurnir frá stofnunum sem fylgja samningunum eftir. Árið 2015 tók Jafnréttisstofa þátt í að svara spurningarlista frá Kvennáttarnefnd Sameinuðu þjóðanna (CEDAQ) vegna 7. og 8. skýrslu Íslands um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum (CEDAW). Í samstarfi við utanríkisráðuneytið svaraði Jafnréttisstofa spurningakönnun frá OECD um tengsl jafnréttis- og umhverfismála. Auk þess veitti Jafnréttisstofa Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins upplýsingar um stöðu kynjanna í opinberri stjórnsýslu en Framkvæmdastjórnin heldur úti gagnagrunni um þátttöku kynjanna í opinberri ákvarðanatöku.



## NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

### KYNJUÐ HAGSTJÓRN OG FJÁRLAGAGERÐ

Árið 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Hlutverk hennar er að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Þann 19. júní 2015 samþykkti ríkisstjórn Íslands nýja fimm ára innleiðingaráætlun um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Hugrún R. Hjaltadóttir situr í verkefnisstjórninni fyrir hönd Jafnréttisstofu. Finna má heimasíðu verkefnastjórnar og frekari upplýsingar á slóðinni: [http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud\\_fjarlagagerd/](http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/)

### JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA

Í 13. grein jafnréttislaga er kveðið á um að í hverju ráðuneyti skuli starfa jafnréttisfulltrúi sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málavíði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna eiga náð samstarf og halda mánaðarlega samráðsfundi sem Hugrún R. Hjaltadóttir sækir fyrir hönd Jafnréttisstofu. Hlutverk Jafnréttisstofu í samstarfinu er að veita faglega ráðgjöf og leiðsögn auka þess að halda utanum samstarf hópsins. Í ár gáfu jafnréttisfulltrúarnir út skýrslu um störf sín. Skýrsluna má finna á slóðinni: [https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Skyrsla-um-starf-jafnréttisfulltrua-2014-loka\\_YfirlidPH\\_HRH.pdf](https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Skyrsla-um-starf-jafnréttisfulltrua-2014-loka_YfirlidPH_HRH.pdf)

### VELFERÐARVAKTIN

Eftir að Jafnréttisvaktin sem starfaði á árinu 2009 skilaði skýrslu til ráðherra var ákveðið að starfsemi hennar rynni inn í Velferðarvaktina í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Markmiðið var að tryggja jafnréttissjónarmið í starfi Velferðarvaktarinnar. Hlutverk Velferðarvaktarinnar er að fylgjast með þróun velferðarmála í kjölfar hrunsins 2008. Tryggvi Hallgrímsson er fulltrú Jafnréttisstofu í Velferðarvaktinni og Hugrún R. Hjaltadóttir varamaður hans. Verkefni Velferðarvaktarinnar eru, samkvæmt skipunarbréfi, helst bundin málefnum fátæktar og barna.



### MÁLEFNI HINSEGIN FÓLKS

Þingsályktun um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks var samþykkt á Alþingi þann 15. janúar 2014 og var félags- og húsnæðismálaráðherra falið að skipa nefndina með þátttöku hagsmunaaðila, sérfræðinga og stjórnmalaflokka. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur að samþættri aðgerðaáætlun um bættu stöðu hinsegin fólks í samfélaginu. Starfshópurinn hefur á liðnu ári fundað reglulega og fengið til sín sérfræðinga og aðra þá sem koma að málaflokknum til að fá betri mynd af stöðu mála og mögulegum aðgerðum. Bergljót Þrastardóttir var skipuð í nefndina fyrir hönd Jafnréttisstofu.

## MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum, fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Hugrún R. Hjaltadóttir situr í stjórn skrifstofunnar, varamaður hennar er Tryggvi Hallgrímsson.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

## STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA

Síðan 1991 hafa sérstakir styrkir verið veittir til kvenna sem hafa góðar viðskiptahugmyndir en það var þáverandi félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir sem kom verkefninu af stað. Á þeim tíma var atvinnuleysi kvenna töluvert og styrkirnir ætlaðir sem mótvægi við það og sem tæki fyrir konur í viðskiptum með því að auka aðgengi þeirra að fjármagni. Styrkirnir eru ætlaðir konum sem vinna að góðum viðskiptahugmyndum og verkefnum. Styrkhæf verkefni skulu vera í eigu kvenna (a.m.k. 50%) og stjórnað af konum. Verkefni þarf að fela í sér atvinnusköpun á Íslandi til frambúðar og um nýnæmi þarf að vera að ræða, annað hvort nýja vöru/þjónustu eða þróun vöru/þjónustu. Frá árinu 2008 hefur fulltrúi Jafnréttisstofu, Ingibjörg Elíasdóttir, setið í ráðgjafanefnd sem fer yfir allar styrkumsóknir og gerir tillögu til velferðarráðherra um styrkveitingar. Á árinu 2015 var 35 milljónum króna úthlutað til 33 verkefna. Verkefnin sem hlutu styrki voru fjölbreytt að vanda; þróun og smíði á gagnagrunni vegna efnamælinga, en það verkefni hlaut hæsta styrkinn, þrjár milljónir króna, aukasæti fyrir börn til að festa á hnakk og þróun á kollagen hylkjum við liðverkjum, svo eitthvað sé nefnt. Einnig voru veittir margir styrkir til gerðar viðskiptaáætlana. Sjá nánar á slóðinni:



<http://atvinnumalkvenna.is/frettir/nr/3931/styrkjum-til-atvinnumala-kvenna-uthlutad/>

## FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðlanefnd samkvæmt lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 hóf störf 1. september 2011. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði Ingibjörgu Elíasdóttur, lögfræðing á Jafnréttisstofu og fjölmiðlafræðing, varamann í nefndina til 31. ágúst 2015.

## AÐGERÐIR GEGN EINELTI Á VINNUSTÖÐUM

Í september 2011 skipaði velferðarráðherra nefnd til að endurskoða reglur í lögum og reglugerðum sem fjalla um einelti á vinnustöðum, þar á meðal kynferðislega áreitni. Tryggvi Hallgrímsson sat í nefndinni fyrir hönd Jafnréttisstofu. Áhersla var lögð á víðtæka samvinnu og lagði nefndin m.a. fram drög að reglugerð til kynningar og umsagnar. Nefndin lauk störfum 2014 þegar ráðherra voru afhent drög að reglugerð ásamt skýrslu. Í nóvember 2015 lagði Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, fram nýja reglugerð þar sem öllum vinnustöðum landsins er gert skylt að gera áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og um viðbrögð ef á reynir. Reglugerðina má finna á slóðinni á heimasíðu velferðarráðuneytisins á slóðinni <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/35331>

### SAMSTARFSTEYMI VEGNA HEIMILISOFBELDIS

Árið 2013 setti þáverandi velferðarráðherra á fót samstarfsteymi vegna heimilisofbeldis til þriggja ára. Ingibjörg Elíasdóttir var skipuð í teymið fyrir hönd Jafnréttisstofu. Hlutverk samstarfsteymisins er meðal annars að hafa umsjón með að samræmdri heildarstefnu um heimilisofbeldi væri fylgt, hrinda tilraunaverkefnum í framkvæmd og koma á föstu samstarfi milli félagsþjónustu, barnaverndar, heilbrigðisþjónustu, Jafnréttisstofu, lögreglu og félagasamtaka. Einnig er teyminu ætlað að sjá til þess að öll sveitarfélög á Íslandi setji sér aðgerðaáætlun á þessu sviði. Samstarfsteymið og Jafnréttisstofa stóðu fyrir fimm námskeiðum um land allt á árinu. Námskeiðin voru fyrir starfsfólk félagsþjónustu, heilsugæslu, lögreglu, barnavernd og aðra sem vinna með heimilisofbeldi og afleiðingar þess. Tilgangurinn var að miðla þekkingu sem skapast hefur á Suðurnesjum í tengslum við verkefnið *Að halda glugganum opnum*. Fyrsta námskeiðið var haldið á Akureyri í byrjun desember 2014. Námskeiðin á árinu voru á Eskifirði, í Borgarnesi, á Ísafirði og á Selfossi þar sem námskeiðið var sent út í gegnum fjárfundabúnað á Hólmavík, Höfn og Hvolsvelli. Síðasta námskeið ársins var í Vestmannaeyjum í byrjun nóvember 2015. Um þrjúhundruð manns hafa sótt námskeiðin. Sem auk Akureyrar og Vestmannaeyja voru haldin á Eskifirði,

### KYNJASAMBÆTTING HJÁ AKUREYRARBÆ

Um miðjan mars sátu stjórnendur hjá Akureyrarbæ ásamt nefndarformönnum, kjörnum fulltrúum og bæjarstjóra fræðslufund um samþættingu kynjasjónarmiða í starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Áhersla var lögð á að miðla þekkingu um árangur verkefna sem horft hafa til jafnréttissjónarmiða við fjárveitingu og þjónustu, ásamt því að kynna markmið kynjaðrar hagstjórnar. Í lok október var svo stöðufundur um kynjasamþættingu í stjórnkerfi Akureyrarbæjar. Bergljót Þrastardóttir er í stýrihópi innleiðingar hjá bænum og hefur ásamt Katrínu Björgu Ríkarðsdóttur, Silju Dögg Baldursdóttur, Sigríði Stefánsdóttur og Jóni Braga Gunnarssyni skipulagt fræðslu og innleiðingarferlið í bæjarkerfinu.



### UNDIRBÚNINGSNEFND RÁÐSTEFNU Í TILFNI AF 100 ÁRA AFMÆLI KOSNINGARÉTTAR KVENNA

Á árinu 2014 var sett saman nefnd til þess að undirbúa ráðstefnu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Ingibjörg Elíasdóttir sat í undirbúningshópnum fyrir hönd Jafnréttisstofu. Verkefni nefndarinnar var að finna fyrirlesara og skipuleggja hátíðarráðstefnu í Hörpu í Reykjavík í október 2015. Nefndin fundaði nokkrum sinnum og nefndarfólk var til aðstoðar í Hörpunni ráðstefnudagana.



## RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR

Á hverju ári tekur Jafnréttisstofa þátt í undirbúningi ýmissa funda og ráðstefna bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra.

### JAFNRÉTTISTORG

Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri hafa undanfarin ár staðið sameiginlega að fyrirlestraröð um jafnréttismál undir yfirskriftinni Jafnréttistorg. Árið 2015 voru torgin fjögur. Í byrjun febrúar flutti Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri og þingkona erindið „Frá bústýru til bæjarstjóra. Um kosningarétt kvenna og þátttöku í sveitarstjórnnum“. Svanfríður fór yfir þróun sveitarstjórnarstigsins á Íslandi, þróun kosningaréttar kvenna til sveitarstjórna og þátttöku kvenna og stöðu þeirra á sveitarstjórnarstigunni. Í lok mars var Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu með erindi sem hún nefndi „Ég veit enga ambátt um veraldar geim, sem ekki var borin með réttindum þeim“. Kristín fjallaði í erindi sínu um réttindabarátta kvenna hér á landi meðal annars fyrir hverju var barist og hvaða aðferðum var beitt. Um miðjan október kynnti dr. Sigrún Stefánsdóttir bók sína og Eddu Jónsdóttur *Frú ráðherra - frásagnir kvenna á ráðherrastóli*. Einnig las Valgerður Sverrisdóttir, ein þeirra ráðherra sem talað er við, valda kafla úr bókinni. Fram kom að 80% þeirra sem gegndu ráðherraembætti á Íslandi á lýðveldistímabilinu fram til 2013 voru karlar. Hluttur kvenna var því ansi rýr en einungis tuttugu og ein kona sat í ráðherrastól á þessu tímabili. Í lok október var Ingibjörg Þórðardóttir félagsráðgjafi með erindi um ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum. Ingibjörg kom inn á birtingarmyndir þess ofbeldis sem gerendur segja sjálfir frá, skýringar þeirra á ofbeldinu og mögulegar leiðir til að koma í veg fyrir endurtekið ofbeldi.



### PEKING ÁÆTLUNIN TUTTUGU ÁRA

Laugardaginn 21. febrúar 2015 boðaði Jafnréttisstofa, í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og önnur frjáls félagsamtök, til vinnufundar í tilefni tuttugu ára afmælis Peking áætlunarinnar. Markmiðið var að minnast tímamótanna og varpa ljósi á hvað vantaði í áætlunina miðað við þróun síðustu tuttugu ára og hvað brýnast væri að gera. Fundarboð var sent til tæplega fjörutíu félagsamtaka sem vinna að bættum hag kvenna og var þeim boðið að tilnefna fulltrúa á fundinn.




Rúmlega tuttugu félagsamtök þáðu boðið og sendu samtals þrjátíu og þrjá fulltrúa. Viðfangsefni fundarins byggðu á köflunum tólf í Peking áætluninni auk málefna minnihlutahópa, kynvitund og kynhneigð. Unnið var í hópum þar sem öllum þátttakendum gafst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Niðurstöður fundarins má finna í greinagerð á heimasíðu Jafnréttisstofu.

**ALPJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA 8. MARS**

Að venju var haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna þann 8. mars. Á Akureyri stóðu Zontaklúbbarnir á Akureyri í samstarfi við Jafnréttisstofa, fyrir hádegisfundi sunnudaginn 8. mars undir yfirskriftinni *Ofbeldi á heimilum – áhrif á börn*. Guðrún Kristinsdóttir, prófessor og ritstjóri bókarinnar *Ofbeldi á heimili - Með augum barna* flutti erindi sem hún kallaði „*Þetta var bara alveg gert fyrir framan mig, já ...*“. Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra talaði um heimilisofbeldi frá sjónarhóli lögreglunnar. Áskell Kárason forstöðumaður barnaverndar í Eyjafirði fjallaði um ofbeldi frá barnaverndarsjónarmiði og Björg Guðrún Gísladóttir, bókmenntafræðingur og höfundur bókarinnar *Hljóðin í nóttinni* var með erindi sem hún nefndi „*Raddlaus börn í ábyrgðarhlutverkum*“. Í kjölfar erinda og umræðna voru ályktanir fundarins ræddar og samþykktar.



Í Reykjavík buðu Alþýðusamband Íslands, BHM, BSRB, Kennarasamband Íslands, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð til hádegisverðarfundar mánudaginn 9. mars. Yfirskrift fundarins var: *Er tími til að njóta lífsins?* Umræðuefnið var staðan á vinnumarkaði og álag á fjölskyldurnar í landinu. Erindi fluttu: Ragnheiður Eyjólfadóttir, verkefnastjóri hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Hún nefndi erindi sitt *Vinna Íslendingar of mikið?* Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við HÍ. Erindi Ingólfs bar yfirskriftina *Rjúkandi rúst? Fæðingarorlof í hruni og endurreisn*. Þóra Kristín Þórsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði var með erindið *Samspil heimilis og vinnu meðal íslenskra hjóna*.



**HEILBRIGÐI KVENNA**

Þann 26. maí stóðu Jafnréttisstofa og Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri fyrir ráðstefnu um heilbrigði kvenna í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Ráðstefnan var tvískipt. Fyrir hádegi fjallaði Dr. Marrie Kass, prófessor við háskólann í Minnesota USA, um andlega heilsu eldri kvenna, Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, var með erindi sem hún nefndi *Jafnrétti og heilsa í 100 ár* og Dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir, lektor við HÍ, talaði um barnsfæðingar í nútíð og fortíð. Guðrún Pálmadóttir, dósent við HA, fjallaði um lífsviðhorf, hlutverk og viðfangsefni kvenna í bata eftir brjóstakrabbamein, Dr. Þorbjörg Jónsdóttir, lektor við HA, fór yfir notkun kvenna á heilbrigðisþjónustu vegna langvinnra verkja og Sigfríður Inga Karlsdóttir, dósent við HA, rakti sögu verkjameðferða í fæðingu. Elín Ebba Ásmundsdóttir, dósent við HA, velti fyrir sér hvers virði kvenleg gildi væru, Dr. Gísli Kort Kristófersson, lektor við HA, talaði um geðheilbrigði kvenna og Sigrún Sigurðardóttir, lektor við HA, fór yfir meðferðarúræði fyrir konur sem beittar hafa verið ofbeldi. Síðust á dagskránni fyrir hádegi var Hafdís Skúladóttir, lektor HA, með erindi sem hún nefndi *Konur og langvinnir verkir: samskipti við fjölskylduna og heilbrigðisstarfsfólk*. Eftir hádegi tók við dagskrá þar sem meistaranemar við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri kynntu rannsóknarverkefni sín. Eftirfarandi verkefni voru kynnt: a) *Endurhæfing og krabbamein: Viðhorf, ánægja, líðan og bjargráð sjúklinga á Norðurlandi í meðferð* - Eygló Brynja Björnsdóttir. b) *Óformleg skimun" fyrir ristilkrabbameini. Algengi, orsök og niðurstöður ristilspeglana á Suðurnesjum 2012 og 2013* - Andrea Klara Hauksdóttir. c) *Heilsufar, færni og þjónustupörf einstaklinga sem njóta þjónustu heimahjúkrunar* - Hallveig Skúladóttir. d) *Líðan og lífsgæði fólks sem glímir við þunglyndi: Breytingar frá innlögn til útskriftar á geðdeild Sjúkrahússins á*

Akureyri - Snæbjörn Ómar Guðjónsson. e) *Heilsustýrirót og sálfélagsleg líðan einstaklinga með krabbamein* - Dóra Björk Jóhannsdóttir. f) *Sérhæfð lífslokameðferð á almennri legudeild: Viðhorf, reynsla og ánægja aðstandenda* - Svala Berglind Robertson. g) *Sofðu rótt í alla nótt: Svefnbreytingar hjá fólki með Alzheimers-sjúkdóm, úrræði og áhrif á maka* - Elísa Rán Ingvarsdóttir. h) *"Þú verður bara að bjarga þér sjálfur"* - *Reynsla reyndra hjúkrunarfræðinga af landsbyggðarhjúkrun* - Steinunn Jónatansdóttir. i) *Þróun og áhrif áfallastreituröskunar á líf einstaklings í kjölfar bílslyss: Einsaga* - Helga Dögg Sverrisdóttir. j) *Notkun FINDRISK mælitækisins til að meta áhættu á sykursýki tegund 2* - Jóhanna Margrét Ingvarsdóttir.

#### FJÖLBREYTT FORYSTA

Í lok maí lauk verkefninu *Fjölbreytt forysta* með alþjóðlegri ráðstefnu sem Jafnréttisstofa stóð fyrir í samstarfi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Kauphöllina, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Á ráðstefnunni voru kynntar tvær nýjar íslenskar rannsóknir á stjórnarháttum, viðhorfum stjórnarmanna og vali á stjórnarmönnum á tímum kynjakvóta. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og erindin sem flutt voru á ráðstefnunni má finna á heimasíðu Jafnréttisstofu á slóðinni:



<http://www.jafnretti.is/jafnretti/default.aspx?D10cID=ReadNews3&ID=1155>

Þröstur Olaf Sigurjónsson lektor við Háskólann í Reykjavík kynnti niðurstöður rannsóknar á vali í stjórnir á tímum kynjakvóta. Niðurstöður sýna að viðhorf til laganna hafa batnað mikið, minna þó hjá körlum og minnst hjá ungum körlum. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands kynnti helstu niðurstöður rannsóknar á stöðu og viðhorfum æðstu stjórnenda til samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs og kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja. Fram koma að rúmlega helmingur bæði kvenna og karla telja að of fáar konur sækji um stjórnunarstöður. Dr. Siri Terjesen frá Indiana University og Lundarháskóla ræddi um fjölbreytileika í stjórnnum og stjórnun fyrirtækja í alþjóðlegu samhengi en hún benti á að kvótar af ýmsu tagi væru í gangi í ýmsum löndum. Dr. Sonja Robnik, sérfræðingur í jafnréttismálum hjá Ráðuneyti félags-, atvinnu- og jafnréttismála í Slóveníu kynnti nýlegar niðurstöður rannsókna á vali í stjórnir og reynslu kven- og karlstjórnenda í atvinnulífinu í Slóveníu. Niðurstöður sýndu m.a. að konur eiga mun erfiðar með að komast í stjórnunarstöður og í stjórnir fyrirtækja en karlar.

Að loknum erindum fræðimanna sátu í pallborði, Leifur Geir Hafsteinsson, aðstoðar- framkvæmdastjóri Hagvangs, Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjörís ehf., Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365 og Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins, og ræddu niðurstöðurnar og mögulegar leiðir til að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum í fyrirtækjum. Mæðgurnar Rakel Sölvadóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri *Skema/ReKode Iceland* & Ólína Helga Sverrisdóttir 14 ára frumkvöðull stigu síðan í pontu og sögðu frá reynslu sinni á frambrautinni og hvöttu ráðstefnugesti til að stuðla að valdeflingu stúlkna. Ráðstefnunni lauk á vinnustund þar sem stjórnendur, stjórnarfolk, fræðimenn, sérfræðingar og leikmenn ræddu mögulegar leiðir til að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum í íslensku atvinnulífi.

## KONUR, FÍKN, ÁFÖLL OG MEÐFERÐ

Í byrjun september stóð *Róttin – félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda*, Jafnréttisstofa, RIKK og fleiri aðilar að ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð. Fyrirlesarar á ráðstefnunni komu frá Bandaríkjunum, Svíþjóð, Grænlandi og Íslandi. Aðalfyrirlesari var *Stephanie S. Covington*, doktor í sálfræði. Hún sagði að breyta þyrfti miklu á Íslandi þegar kæmi að meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn. Vinna yrði með fíknina og áföllin saman og bjóða upp á kynjamiðaða meðferð. Ráðstefnunni var einmitt ætlað að auka skilning og þekkingu á kynjafraeðilegu sjónarhorni á fíkn, áföllum og meðferð og á nauðsyn kynjamiðaðrar meðferðar.



## EVROPSK RÁÐSTEFNA UM HEIMILISOFBELDI Í BELFAST

Dagana 6. til 9. september sótti fulltrúi Jafnréttisstofu í samstarfsteymi vegna heimilisofbeldis evrópska ráðstefnu um heimilisofbeldi í Belfast á Norður-Írlandi. Samstarfsteymið kynnti þar verkefnið „Að halda glugganum opnum“ ásamt því að sitja marga fyrirlestra og fylgjast með og fræðast um nýjustu rannsóknir um heimilisofbeldi og afleiðingar þess. Meðal þess sem fjallað var um var ofbeldi mæðra gegn börnum, en það hefur verið lítið rannsakað til þessa.

## LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA

Um þrjátíu manns sátu landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga sem haldinn var á Egilsstöðum föstudaginn 9. október. Fundurinn var öllum opin fyrir hádegi þar sem flutt voru fjölbreytt erindi um jafnréttismál. Rósa Erlingsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum og fulltrúi Velferðaráðuneytis sagði frá helstu verkefnum ráðuneytisins í jafnréttismálum og störfum aðgerðahóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti. Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kynnti verkefni sem felst í að innleiða nýjar verklagsreglur um heimilisofbeldi ásamt stefnubreytingum um mansal og vændi og í útlendingamálum. Verkefnið byggir á Suðurnesjaverkefninu sem felst í samstarfi allra aðila sem koma að heimilisofbeldismálum í sveitarfélaginu. Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur hjá ASÍ, kynnti jafnlaunastaðalinn en hún situr í aðgerðahópi sem vinnur að launajafnrétti kynjanna. Með innleiðingu staðalsins taka fyrirtæki og stofnanir upp skipulagðar aðferðir til að vinna að því að tryggja jöfn kjör kvenna og karla fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Arnfríður Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, nefndi sitt erindi Jafnréttisáætlanir, hvers vegna og hvað svo? Hún fór yfir skyldur sveitarfélaga og hlutverk jafnréttisnefnda m.t.t. jafnréttislaga. Fram kom í máli Arnfríðar að jafnréttisáætlanir einar og sér duga ekki til að sveitarfélögin uppfylli lagalegar skyldur sínar. Ef áhugi, vilji og jákvæð viðhorf stjórnenda og starfsfólks til kynjajafnréttis eru ekki til staðar komast jafnréttismálin ekki á dagskrá. Hjördís Sigursteinsdóttir, aðjúnt við Háskólann á Akureyri kynnti rannsókn sína á heilsu, líðan og starfstengdum viðhorfum starfsfólks sveitarfélaga í kjölfar efnahagsþrenginga. Niðurstöður sýna að veikindafjarvistum starfsfólks sveitarfélaga fjölgaði verulega í kjölfar efnahagsþrenginganna. Glærur fyrirlesara og ályktanir fundarins má nálgast á heimasíðu Jafnréttisstofu á slóðinni: <http://jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadNews3&ID=1194&CI=0>

Eftir hádegi voru vinnustofur þar sem þátttakendur landsfundarins ræddu mögulegar aðgerðir og áherslur jafnréttisstarfs í sveitarfélögum. Rætt var um hlutverk jafnréttisnefnda, hvernig koma má jafnréttismálum á dagskrá í sveitarfélögunum og tryggja að jafnréttisáætlanir gegni hlutverki sínu og

séu virkt og lifandi plagg. Einnig var rætt um forvarnarstarf og úrræði sveitarfélaga til að takast á við ofbeldi í nánnum samböndum, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi og afleiðingar þess. Helstu niðurstöður voru þær að þátttakendur vildu gera jafnréttismál sýnilegri í sveitarfélögunum, skylda fulltrúa sveitarfélaga til að mæta á landsfundi, fá Innanríkisráðuneytið og Samtök íslenskra sveitarfélaga meira að borðinu og veita sérstakleg fé til landsfunda. Einnig var rík áhersla lögð á að vinnulag Suðurnesjaverkefnisins í heimilisofbeldismálum yrði tekið upp í öllum sveitarfélögum.

#### MÁLSTOFA UM KONUR Í SJÁVARÚTVEGI

Á sjávarútvegsráðstefnunni sem haldin var í Reykjavík 19.-20 nóvember var málstofa undir yfirskriftinni „Af hverju eru ekki fleiri konur í stjórnunarstöðum í sjávarútvegi?“. Frummælendur voru dr. Þórunna Jónsdóttir sviðsstjóri viðskiptasviðs HR, Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, Guðrún Anna Finnbogadóttir sjávarútvegsfræðingur, Marie Christine Monfort sem unnið hefur um árabíl í sjávarútvegi og Hilmar Hjaltason frá Capacent. Þetta er í fyrsta sinn sem sérstök málstofa er um kynjajafnrétti á þessum viðamikla vettvangi sjávarútvegsins.



Þórunna ræddi ávinninginn af því að fjölga konum meðal stjórnenda og vísaði þar til fjölda rannsókna. Hún benti m.a. á að kynskiptur vinnumarkaður væri hindrun sem þyrfti að ryðja úr vegi. Kristín fór yfir skyldur fyrirtækja samkvæmt jafnréttislögum og lögum um 40% kynjakvóta í hluta- og einkahlutafélögum og benti á leiðir til útbóta, svo sem að tefla fram góðum fyrirmyndum, taka upp námsstyrki og bjóða stúlkum upp á starfsþjálfun í fyrirtækjum sem tengjast sjávarútvegi. Guðrún Anna greindi frá þeirri reynslu að koma sem kona inn í sjávarútveginn þar sem hún passaði ekki alltaf inn í hefðirnar. Marie Christine fór yfir stöðu mála í heiminum en alls staðar er sama sagan, konur eru nánast ósýnilegar í sjávarútvegi þó að þær hafi gegnt lykilhlutverki um aldir við hvers kyns fiskverkun. Að lokum ræddi Hilmar um breytta tíma og hvað það væri mikill munur á þeirri kynslóð sem er á leið út af vinnumarkaði og þeirri tæknivæddu kynslóð sem er á leið út á vinnumarkaðinn. Atvinnugrein eins og sjávarútvegurinn verður að átta sig á nýjum tímum og skoða upp á hvað hann er að bjóða. Allir fyrirlesarar lögðu áherslu á hve mikill ávinningur það væri fyrir sjávarútveginn að sækja í þann mikla mannauð sem er að finna meðal íslenskra kvenna sem eru almennt orðnar mun betur menntaðar en karlar hér á landi. Sjávarútvegurinn hefur allt að vinna með því að stefna markvisst að jafnrétti kynjanna. Nánar má lesa um sjávarútvegsráðstefnuna á heimasíðu Jafnréttisstofu á slóðinni: <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadNews3&ID=1219&CI=7>

### ALPJÓÐLEG RÁÐSTEFNA VEGNA 100 ÁRA AFMÆLIS KOSNINGARÉTTAR KVENNA

Dagana 22. og 23. október var haldin alþjóðleg ráðstefna til að halda upp á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Jafnréttisstofa átti fulltrúa í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar. Dagskráin skiptist í tvennt. Fyrri daginn var áherslan á lýðræði á Norðurlöndunum. Tvö þemu voru til umfjöllunar: *Pólítísk þátttaka í 100 ár* og *Lýðræðið kallar. Kyn, stétt, uppruni og trúarbrögð*. Einnig var rætt um þær áskoranir sem lýðræðið stendur frammi fyrir og rætt var um kyn, stöðu kynþátt og trúarbrögð í þessu samhengi. Dagskrá fyrri dagsins lauk svo með hátíðarmálþingi til heiðurs frú Vigdísí Finnbogadóttur. Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs og Laura Ann Liswood, framkvæmdastjóri Council of Women World Leaders. Seinni daginn var svo fjallað um núverandi ógnir við borgaraleg réttindi kvenna. Fjögur þemu voru til umræðu: Almennarýmið, líkaminn, efnahagsmál og næstu skref: leiðin að kvenfrelsi. Hægt er að nálgast upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara á ráðstefnunni hér: [Ráðstefna 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna](#)

Fjöldi þekktra erlendra og innlendra fræðikvenna og karla hér erindi á ráðstefnunni sem var mjög vel sótt.

### JAFNRÉTTISÞING 2015



Jafnréttisþing 2015 var haldið 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum. Jafnréttisstofa tók þátt í undirbúningi þingsins sem skipulegt var af velferðarráðuneytinu með aðkomu Jafnréttisráðs. Megináhersla var lögð á stöðu kvenna og kynjaðar birtingarmyndir á opinberum vettvangi en markmiðið var að varpa ljósi á ólíka stöðu kynjanna í fjölmiðlum og kvikmyndum annars vegar og hins vegar að fjalla um hatursorðræðu. Á þinginu var kynnt skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála árin 2013–2015, líkt og lög bundið er. Skýrsluna má finna á á slóðinni:

<http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadNews3&ID=1216&CI=14>

Skýrslan spannar stöðu jafnréttismála á öllum helstu sviðum samfélagsins. Eygló Harðardóttir ráðherra jafnréttismála lagði í ræðu sinni áherslu á þörfina fyrir breytingar og hvernig vinna megi að breytingum: „Hlutverk þingsins er að efna til samræðna milli stjórnvalda og þjóðar um kynjajafnrétti og hér á öllum að gefast tækifæri til að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda á sviði jafnréttismála“ sagði ráðherra meðal annars í ræðu sinni. Frekari upplýsingar um jafnréttisþingið má finna á heimasíðu Jafnréttisstofu á slóðinni: <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadNews3&ID=1218&CI=7>

Að loknu Jafnréttisþingi veitti Jafnréttisráð sérstaka fjölmiðlaviðurkenningu. Viðurkenninguna hlutu ritstjórn Framhaldsskólablaðsins fyrir umfjöllun um jafnréttismál, Halla Kristín Einarsdóttir fyrir heimildamyndina *Hvað er svona merkilegt við það?* og Sigrún Stefánsdóttir fyrir störf í þágu jafnréttis á fjölmiðlum.



## KONUR Í STJÓRN MÁLUM

Þann 20. nóvember fór fram málþing á vegum RIKK og Jafnréttisstofu um konur í stjórn málum. Þar var fjallað um bókina *Frú ráðherra – frásagnir kvenna á ráðherrastóli* eftir þær Eddu Jónsdóttur og Sigrúnu Stefánsdóttur.

### MÁLÞING UM OFBELDI Á LANDSBYGGÐUNUM

Um sjötíu manns sóttu málþing um aðgerðir gegn ofbeldi í nánum samböndum, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á landsbyggðunum. Málþingið sem haldið var á Akureyri föstudaginn 4. desember var einnig sent út netinu. Eygló Harðdóttur ráðherra jafnréttismála ávarpaði málþingið í gegnum skype. Ráðherra gerði grein fyrir þeim aðgerðum sem unnið er að af hálfu ráðuneytisins til að sporna gegn ofbeldi með viðtæku samráði allra aðila sem lagt geta lið þessu mikilvæga verkefni. Ávarp ráðherra má finna á heimasíðu velferðarráðuneytisins á slóðinni: <https://www.velferdarraduneyti.is/raedur-og-greinar-EH-radherra/nr/35375>

Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings fór yfir lög um félagsþjónustu, barnavernd og sveitastjórnarlög þar sem verkefni sveitarfélaga eru tíunduð en þar eru ofbeldismál ekki nefnd. Hann sagði Norðurþingi nánast aldrei berast tilkynningar um að börn búi við óviðunandi aðstæður en borgurum ber skylda til að tilkynna um slíkt. Ofbeldismál eru því ekki að skila sér í tilkynningum eða kærur. Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri á Norðurlandi eystra ræddi nýjar verklagsreglur sem ríkislögreglustjóri hefur gefið út. Lögreglan var ekki að nota þau úrræði sem til voru en það hefur breyst. Nú er verið að nýta bæði nálgunarbann og brottvísun af heimili. Samvinna við félagsþjónustu og barnavernd á Akureyri, Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð er komin á en Þingeyjarsýslur standa eftir. Karen J. Sigurðardóttir nýráðinn sálfræðingur við Sjúkrahúsið á Akureyri sinnir þjónustu við þolendur ofbeldis. Enn er það svo að heimilisofbeldi er ekki skráð sérstaklega á sjúkrahúsinu. Samkvæmt því virðist afar lítið vera um slík mál. Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur Jafnréttisstofu ræddi um ofbeldi sem heilbrigðis- og lýðheilsuáhrif og hvatti heilbrigðisráðherra til að taka þátt í samráði ráðherranna þriggja um að vinna gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. Kristján Már Magnússon sálfræðingur kynnti úrræðið *Karlar til ábyrgðar* og lagði fram nokkrar tillögur um það sem betur mætti fara. Lísbet Harðar Ólafsdóttir frá Sólstöfum á Ísafirði sagði að mörgum finnist ofbeldisumræðan slæm fyrir „ímynd“ samfélagsins og því sé mikil krafa um þöggun. Barátta væri um fjármagn til starfsins en aðsókn vex stöðugt. Hún sagði ríki og sveitarfélög verða að axla ábyrgð á ofbeldismálunum. Ingibjörg Þórðardóttir félagsráðgjafi talaði fyrir hönd Afslins á Akureyri og sagði hún að úrræðin væri að finna í 101 Reykjavík. Þjónusta Afslins er ekki sú sama og hjá opinberum aðilum og hún kemur ekki í staðinn fyrir sálfræðiþjónustu, hún er jafningjaþjónusta þar sem er hlustað og reynslu miðlað.

Í umræðum að loknum erindunum kom fram að Neyðarmóttaka vegna nauðgana er ekki lengur til staðar á SAK. Þar er engin bakvakt en á þessu ári hafa komið upp 15 mál. Óskað var eftir aðstoð fagaðila til að koma inn í skólana til að aðstoða kennara og skólastjórnendur við að greina þau börn sem hugsanlega búa við ofbeldi eða misnotkun. Nánari upplýsingar um málþingið má finna á heimasíðu Jafnréttisstofu: <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadNews3&ID=1220&CI=7>

## KVENNASÖGUGANGA

Fimmtudaginn 18. júní stóð Jafnréttisstofa, Akureyrarkaupstaður, Héraðskjalasafnið á Akureyri, Minjasafnið á Akureyri og Zontaklúbbarnir fyrir hinni árlegu kvennasögugöngu á Akureyri. Þetta árið var gengið í fótspor Vilhelínu Lever sem fyrst kvenna kaus í bæjarstjórnarkosningunum á Akureyri árið 1863. Gangan hófst við Laxdalshús og henni lauk á Minjasafninu þar sem göngufólki var boðið á sýninguna „*Ertu tilbúin frú forseti?*“ Sýningin fjallar um Vigdís Finnbogadóttur, fyrsta lýðræðislega kjörna kvenforseta í heiminum. Hanna Rósa Sveinsdóttir safnvörður á Minjasafninu leiddi gönguna.



## AFMÆLI JAFNRÉTTISSTOFU

„Íslenskum karlmönnum vefst ekki tunga um tönn“ var yfirskrift 15 ára afmælis Jafnréttisstofu sem haldið var hátíðlegt þann 15. september. Í tilefni dagsins settu þrír karlmenn upp kynjagleraugu og tjáðu sig um jafnrétti kynjanna. Um hundrað manns þáðu afmælisboð Jafnréttisstofu og gæddu sér á íslenski kjötsúpu við harmonikkuleik Hildar Petru Friðriksdóttur, ráðgjafa hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði. Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu fór yfir stöðu mála og Rósa Guðrún Erlingsdóttir, sérfræðingur í Velferðarráðuneytinu, flutti kveðju frá Eygló Harðardóttur ráðherra jafnréttismála. Því næst var körlunum gefið orðið.



Jón Páll Eyjólfsson, leikhússtjóri hjá Leikfélagi Akureyrar byrjaði á því að fletta ofan af tónlistar- og grínmyndinni „*Með allt á hreinu*“. Hann fór yfir það hvernig staðalmyndir kynjanna birtast í myndinni og mikilvægi þess að horfa með gagnrýnum augum á tungumálið og rótgrónar hugmyndir um hlutverk kynjanna sem er að finna allt í kringum okkur. Haraldur Þór Egilsson, forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri, rifjaði upp uppvaxtarár sín en hann var alinn upp af einstæðri móður, ömmu og móðursystur. Hann fór yfir hvernig rauðsokkur, kvennalistinn og Vigdís sem forseti ögruðu ríkjandi hugmyndum. Árni Matthíasson blaðamaður á Morgunblaðinu fór yfir svið karlmenskunnar og sagði jafnréttisbaráttuna ekki bara vera baráttu um jafnan rétt kvenna gagnvart körlum heldur væri hún ekki síður barátta fyrir rétti karla og lykilatriði í því að losa karla undan úreltum kröfum karlmenskunnar.

## JAFNRÉTTISVIKA Í HÁSKÓLANNA

Jafnréttisstofa tók þátt í jafnréttisviku Háskólans á Akureyri sem stóðu frá fimmta til áttunda október. Slæðukynning var útbúin með upplýsingum um jafnréttislögin, starfsemi Jafnréttisstofu, staðalmyndir kynjanna og birtingamyndir kynjanna í auglýsingum. Einnig voru myndbönd um samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs, stjórnarsetu í fyrirtækjum, kynjasambættingu og fleira látin rúlla á meðan á jafnréttisvikunni stóð. Landbúnaðarháskólanum var sent samskonar efni. Hugrún R. Hjaltadóttir kom að jafnréttisviku Háskóla Íslands þar sem hún var með erindi um kynjasambættingu.



## FJÖRUTÍU ÁRA AFMÆLI KVENNAFRÍDAGSINS

Að venju var Kvennafrídagurinn haldinn hátíðlegur á Akureyri þann 24. október sem nú bar upp á laugardag. Í ár var þess minnst að fjörutíu ár voru liðin frá því að íslenskar konur fylktu liði og tóku sér frí í einn dag til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna. Dagskráin hófst á því að afhjúpaður var minningarskjöldur um borgarinnuna Vilhelmínu Lever sem fyrst kvenna kaus í almennum kosningum hér á landi, árið 1863. Kvennakór Akureyrar söng og Valgerður Sverrisdóttir Zontakona minntist Vilhelmínu sem var svo sannarlega á undan sinni samtíð. „Við þurfum þá og við þurfum enn á svona konum að halda“ sagði Valgerður. Í framhaldinu var boðið upp á hádegishressingu og hópefli í Zontahúsinu þar sem Sigríður Stefánsdóttir jafnréttisfulltrúi Akureyrarbæjar ávarpaði hópinn og konur skiptust á sögum frá liðnum Kvennafrísdögum. Í Zontahúsinu mátti einnig sjá hluta af sýningunni Hvað er svona merkilegt við það? - Störf kvenna í 100 ár í boði Þjóðminjasafnsins. Að lokinni hádegishressingu og hópefli í Zontahúsinu var fjölmennt í Minjasafnið á Akureyri þar sem boðið var upp á leiðsögn um sýningarnar Ertu tilbúin, frú forseti? og Akureyri bærinn við Pollinn með augum Vilhelmínu Lever. Það voru Zontakonur á Akureyri í samstarfi við Jafnréttisstofu, Akureyrarbæ og Minjasafnið á Akureyri sem stóðu fyrir dagskránni.



## 100 ÁRA AFMÆLI KOSNINGARÉTTAR KVENNA MINNST Á HÚSAVÍK

Um 80 manns sóttu opinn fund á Húsavík laugardaginn 22. nóvember í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Til fundarins boðaði Framsýn, stéttarfélag í samstarfi við Jafnréttisstofu. Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu fór yfir sögu kosningaréttarinnar, Valgerður Sverrisdóttir fyrrverandi ráðherra og núverandi ferðapjónustubóndi deildi reynslu sinni úr heimi stjórn mála, Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar rakti sögu verkakvenna og Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar fór yfir sviðið í dag. Dagbjört talaði um mikilvægi samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs og sagði tímaleysi og samviskubít vegna fjölskyldunnar helstu óvini sína í starfi sveitarstjóra. Á milli framsöguenda var boðið upp á tónlistaratriði. Hólmfríður Benediksdóttir og Harpa Ólafsdóttir sungu við undirleik Aðalheiðar Þorsteinsdóttur. Systkinin Ruth og Friðrik Marínó Ragnarsbörn fluttu nokkur lög og Edda Björg Sverrisdóttir og vikapiltarnir tóku lagið.



## 16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi er alþjóðlegt átak sem rekja má allt aftur til ársins 1991. Dagsetning átakans var valin til að tengja saman á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Átakið hefst 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum og því lýkur 10. desember á hinum alþjóðlega mannréttindadegi. Markmið átakans er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis.

Dagskrá átakans á Akureyri 2015 hófst með ljósagöngu frá Akureyrarkirkju niður á Ráðhústorg. Fjórða desember var boðað til opins málþings um aðgerðir gegn ofbeldi í nánnum samböndum, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á landsbyggðunum. Að loknu málþingi bauð Aflið, samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi í súpu og brauð og kynnti um leið starfsemi samtakanna. Tíunda desember lauk dagskránni á Akureyri með samverustund á Amtsbókasafninu. Sagt var frá komu flóttafólks til

Akureyrar og boðið upp á friðarkaffi, kakó, söng og ljóðalestur. Það var Jafnréttisstofa sem stóð fyrir átakinu á Akureyri í samstarfi við Akureyrarbæ, Aflið, Háskólann á Akureyri, Zontaklúbb Akureyrar, Zontaklúbbinn Þórunni hynnu og Amtbókasafnið á Akureyri

Í Reykjavík hófst dagskrá 16 daga átaksins með ljósagöngu UN Women. Freyja Haraldsdóttir leiddi gönguna frá Arnarhóli að Bríetartorgi og flutti hugvekjju. Yfirskrift göngunnar var: "*Heyrum raddir allra kvenna.*" Dagskrá 16 daga átaksins í Reykjavík lauk með morgunverðarfundi UN Women um menntun og valdeflingu kvenna og stúlkna í Afganistan. Fyrirlesarar voru Guissou Jahangiri, baráttukona fyrir réttindum kvenna í Afganistan. Razia Stanikzai, sérfræðingur í menntamálum í Afganistan. Fatima Hossaini, sérfræðingur í réttindum stúlkna með sérstaka áherslu á þvinguð hjónabönd. Málþingið var í boði forsætis-, utanríkis- og velferðarráðuneytisins.

## FRÆDSLUFUNDIR OG ERINDI

Á hverju ári heldur starfsfólk Jafnréttisstofu fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi innan sem utanlands. Flest eru erindin haldin að ósk aðila sem leita til Jafnréttisstofu, en önnur eru flutt í tengslum við verkefni sem stofan tekur þátt í eða stýrir.

Erindin sem starfsfólk Jafnréttisstofu heldur innanlands tengjast ýmsum þáttum jafnréttisstarfsins. Sum erindin eru um starfsemi stofunnar, jafnréttislaggjöfina og stöðu jafnréttismála í samfélaginu. Önnur eru kynning á rannsóknarniðurstöðum eða tengd málefnum er snúa að launamun kynjanna, vinnustaðameningu eða baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Einnig flytur starfsfólk Jafnréttisstofu erindi og heimsækir vinnustaði, stéttarfélög, sveitarfélög, félagasamtök, íþróttafélög, skóla og aðra sem þess óska. Of langt mál væri að telja upp alla þá fundi en nokkra ber þó að nefna.

### HEIMSÓKN Í NORÐURÞING

Í janúar 2015 heimsótti Jafnréttisstofa sveitarfélagið Norðurþing. Arnfríður Aðalsteinsdóttir fundaði með þjálfurum og stjórnarfólki í Íþróttafélaginu Völsungi þar sem fjallað var um jafnrétti kynjanna í íþróttum. Fundurinn var liður í undirbúningsvinnu félagsins að *Fyrirmyndarfélagi ÍSÍ*. Arnfríður heimsótti einnig leikskólann Grænuvelli á Húsavík og veitti aðstoð við gerð jafnréttisáætlunar.

Tryggvi Hallgrímsson og Arnfríður áttu síðan fund með nemendum og kennurum Framhaldsskólans á Húsavík þar sem jafnréttismál voru rædd frá ýmsum hliðum. Heimsókninni lauk með fræðslufundi fyrir sveitarstjórnarfolk og stjórnendur Norðurþings. Á fundinum var sérstök áhersla lögð á skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum og hlutverk jafnréttisáætlana í jafnréttisstarfi sveitarfélaga.

### INNLEIÐING JAFNRÉTTISSÁTTMÁLA UN-WOMEN

Um miðjan nóvember sat Bergljót Þrastardóttir fund Samtaka atvinnulífsins og UnWomen um innleiðingu jafnréttissáttmála UnWomen í fyrirtækjum. Bergljót var þar með erindi um ábyrgð fyrirtækja með tilliti til jafnréttislaða með sérstakri áherslu á gerð jafnréttisáætlana.

### ERINDI UM JAFNRÉTTISMÁL

Í apríl var Bergljót Þrastardóttir með erindi um jafnréttismál fyrir meistaranemar í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri. Erindi hennar snéri að jafnréttisfræðslu í skólum, nýrri aðalnámskrá fyrir leik- og grunnskóla og mögulegri innleiðingu jafnréttisfræðslu í allt skólastarf.

### *ÓPINN FUNDUR Á HVOLSVELLI*

Um miðjan maí stóð Jafnréttisstofa fyrir opnum fundi á Hvolsvelli þar sem Arnfríður og Bergljót voru með fræðslu um jafnréttismál með sérstakri áherslu á sveitarstjórnarfólk og stjórnendur fyrirtækja. Einnig áttu þær fund með jafnréttisnefnd sveitarfélagsins.

### *KVENNASKÓLINN*

Kristín heimsótti Kvennaskólann í byrjun október þar sem hún var með erindi á sal í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Erindið var sent út rafrænt um allan skólann sem er í nokkrum húsum.

### *ÖRNÁMSKEIÐ FYRIR ASÍ*

Þann 27. október flutti Ingibjörg Elíasdóttir fræðsluerindi um jafnréttisáætlanagerð hjá fyrir starfsfólk stéttarfélagi ASÍ. Erindið var í gegnum fjarfundabúnað sem gekk mjög vel. Reiknað er með að framhald verði á samstarfi Jafnréttisstofu um námskeiðahald og fræðslu þar sem þessi búnaður er notaður.

### *MENNTASKÓLINN Á EGILSSTÖÐUM*

Í október heimsótti Bergljót Þrastardóttir Menntaskólann á Egilsstöðum þar sem hún fræddi nemendur og kennara um jafnrétti kynjanna. Nýnemar í skólanum fengu klukkutíma fræðslu og boðið var upp á samræðu um jafnréttismál. Í skólanum er starfandi femínistafélag og átti það frumkvæði að fræðsluheimsókninni.

### *DELTA KAPPA GAMMA*

Í október var Kristín Ástgeirsdóttir með erindi hjá kvennasamtökunum Delta Kappa Gamma um baráttuna fyrir kosningarétti kvenna og þeim aðferðum sem beitt var.

### *HVAMMSTANGI*

Í lok október sá Bergljót um jafnréttisfræðslu fyrir jafnréttisnefnd Húnaþings vestra, fyrir foreldra nemenda í leik- og grunnskóla á Hvammstanga.

### *NEMENDUR Í BLAÐA- OG FRÉTTAMENNSKU*

Þann 5. nóvember fræddi og ræddi Kristín Ástgeirsdóttir við bandaríska nemendur í blaða- og fréttamennsku sem voru í námsferðalagi á Íslandi um íslenska kvennabaráttu og stöðu kynjanna hér á landi.

### *NJARÐVÍKURSKÓLI*

Í byrjun nóvember heimsóttu Arnfríður og Bergljót Njarðvíkurskóla þar sem þær voru með fræðslu fyrir nemendur á unglíngastigi, kennara og starfsfólk skólans og funduðu með jafnréttisnefnd skólans.

### *INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ*

Miðvikudaginn 9. desember var Hugrún R. Hjaltadóttir með fræðslu um kynjasambættingu í Innanríkisráðuneytinu.

## NÁMSKEIÐ

Jafnréttisstofa býður upp á fjölda námskeiða um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Annars vegar er um stöðluð námskeið að ræða og hins vegar námskeið sem eru sérstaklega sniðin að þörfum þeirra sem eftir þeim óska. Fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við kynjasambættingu og gerð jafnréttisáætlana. Einnig má nefna áherslur eins og staðalmyndir kynjanna, kynbundið ofbeldi, jafnréttisfræðslu í skólum og fleira.

### STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN

Námskeiðið er ein til tvær klukkustundir að lengd og er gjarnan aðlagð að þörfum þátttakenda. Fjallað er um stöðu jafnréttismála í íslensku samfélagi og farið yfir jafnréttislöggjöfina. Þátttakendur eru hvattir til umræðna og að kryfja hvað felst í hugtakinu jafnrétti.

### GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

Námskeiðið, sem er ein til fjórar klukkustundir, er sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja jafnréttisstarf, ætla eða eru að setja sér jafnréttisáætlun. Einnig er námskeiðið gagnlegt fyrir þá sem eru að endurskoða eldri áætlanir. Námskeiðin eru sniðin að þörfum hvers fyrirtækis / hverrar stofnunar fyrir sig. Mikið er lagt upp úr því að vinna með hagnýt dæmi sem þátttakendur geta tengt sínum veruleika.

### KYNJASAMBÆTTING

Námskeiðið, sem getur verið ein til fjórar klukkustundir, er sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja sambættingarvinnu. Á námskeiðinu er farið í grundvallaratriði kynjasambættingar, hvað þarf að hafa í huga áður en vinnan hefst og farið í gegnum hagnýtar leiðir við vinnu að sambættingarverkefnum. Námskeiðið byggir á handbókinni *Jöfnum leikinn*.

### FRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA

Í tengslum við verkefnið *Jafnréttisáætlanir í alla skóla* hefur Jafnréttisstofa boðið skólunum upp á ráðgjöf við gerð jafnréttisáætlana og fræðslu með það að markmiði að efla kynjafræðilegan grunn skólastjórnenda, kennara og starfsfólks skóla. Ráðgjöfin fer að mestu fram í gegnum síma og / eða með tölvupósti en einnig hafa margir skólar verið heimsóttir og starfsfólk fengið fræðslu um gerð jafnréttisáætlana og jafnréttisstarf í skólum.

## VERKEFNI

Jafnréttisstofa vinnur að margvíslegum verkefnum, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra. Hér eru nefnd stærri verkefni stofunnar.

### KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

*Karlar til ábyrgðar* er verkefni sem hófst árið 1998 en féll svo niður eftir tveggja ára tilraun. Verkefninu var komið aftur af stað 2006. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðarræðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Bæði er



boðið upp á einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi var meðferðarræðið lengst af aðeins fyrir þá. Verkefnisstjórn verkefnisins er í höndum Jafnréttisstofu en Ingólfur V. Gíslason er verkefnisstjóri þess og formaður stjórnar. Hugrún R. Hjaltadóttir starfsmaður Jafnréttisstofu situr í stjórninni ásamt fulltrúa frá Kvennaathvarfinu. Umsjón meðferðarræðisins er í höndum sálfræðinganna Einars Gylfa Jónssonar og Andrésar Ragnarssonar. Kristján Már Magnússon sálfræðingur starfar á vegum verkefnisins á Akureyri. Verkefnið hefur verið útvíkkað og nær nú betur til maka og kvenna sem beita ofbeldi. Árið 2014 var lokið við árangursmat á verkefninu sem unnið var af RBF – rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands. Bæði var rætt við karla sem höfðu nýtt sér úrræðið *Karlar til ábyrgðar* og maka þeirra. Niðurstaða árangursmatsins var mjög jákvæð. Í býgerð er að velferðarráðuneytið geri sérstakan þjónustusamning um verkefnið sem verður síðar boðið út.

### FJÖLBREYTT FORYSTA

Árið 2013 hlaut Jafnréttisstofa styrk frá Progress-sjóði Evrópusambandsins, til tveggja ára. Bergljót Þrastardóttir var verkefnisstjóri verkefnisins sem



unnið var í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Markmið verkefnisins var að stuðla að auknum hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja og sýnileika kvenna í áhrifastöðum í atvinnulífinu. Á verkefnatímanum fóru fram námskeið og fræðslufundir í fyrirtækjum og stofnunum um gerð jafnréttisáætlana í fyrirtækjum þar sem fleiri en 50 manns starfa á ársgrundvelli. Gögnum var safnað um stöðu og tækifæri kynjanna þegar kemur að stjórnarsetu í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Nasdaq og Samtök atvinnulífsins auk þess sem haldnir voru fundir og ráðstefnur þar sem innlendir og erlendir sérfræðingar komu með mikilvæg innlegg í umræðuna um völd kvenna í atvinnulífinu og gildi kynjakvóta. Fræðslusíða var sett upp í tengslum við verkefnið þar sem m.a. er rætt við stjórnendur, stjórnarfolk og sérfræðinga á sviðinu. Myndband með Jóni Gnarr í aðalhlutverki var dreift víða innan og utan landssteinanna og útvarpsþáttur fluttur um þróunina síðan kynjakvótinn var lögfestur í fyrirtækjum og lífeyrissjóðum hérlendis. Í tengslum við verkefnið bauð Jafnréttisstofa fjölda fyrirtækja upp á fræðslufundi um gerð aðgerðabundinna jafnréttisáætlana. Markmið fundanna var að skila stjórnendum fyrirtækja, starfsmanna- og fræðslustjórum aukinni þekkingu á skyldum fyrirtækisins með tilliti til jafnréttislaga og auðvelda þeim gerð markvissra jafnréttisáætlana sem miða að því að auka lífsgæði og starfsánægju starfsfólks. Bergljót Þrastardóttir hélt utan um fræðslufundina og heimsótti hún fjölmörg fyrirtæki á árinu.

## JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í EVRÓPU

Í nóvember 2014 hófst verkefni um gerð náms- og fræðsluefnis um jafnréttismál. Jafnréttisstofa tekur þátt í verkefninu ásamt fulltrúum stjórnvalda í fylkinu Nieder Österreich (Austurríki) og fulltrúum félagasamtaka í Króatíu og Litháen. Tilgangur verkefnisins er að þróa og samræma námsefni fyrir þá sem sinna fræðslu um kynjajafnrétti í Evrópu. Verkefnið fékk styrk úr Erasmussjóðnum. Á árinu var haldinn fundur í maí um verkefnið í Reykjavík og í september var fundur í Zagreb í Króatíu. Verkefninu miðar áfram samkvæmt áætlun.

## STERKARI SAMAN

Sterkari saman (e. Strong together) er samstarfsverkefni Jafnréttisstofu og félagasamtakanna Kongres Kobiet (e. The Congress of Women) frá Póllandi. Markmið samstarfsins er tvíþætt. Annars vegar að auka þekkingu á birtingarmyndum kynjanna í stjórnámálum og fjölmiðlum og hins vegar að stuðla að aukinni sérfræðikunnáttu á kynjajafnrétti almennt með því meðal annars að kynna og nota verkfæri kynjasambættingar. Einn liður í verkefninu var tveggja daga vinnustofa Jafnréttisstofu fyrir pólska sérfræðinga á sviði jafnréttismála sem haldin var dagana 28. og 29. janúar í Varsjá. Ingibjörg Elíasdóttir og Bryndís Elfa Valdemarsdóttir sáu um vinnustofuna en Ingibjörg tók þátt í verkefninu, mótun þess og útfærslu allt frá upphafi þegar starfskona Kongres Kobiet heimsótti Jafnréttisstofu á árinu 2014 til að hefja vinnu við verkefnið.

## MÓTTAKA GESTA

Jafnréttisstofa tekur á hverju ári á móti fjölda gesta í ýmsum erindagjörðum. Bæði er um hópa og einstaklinga að ræða sem vilja fræðast um starfsemi stofunnar og stöðu jafnréttismála. Hér verða nefnd nokkur dæmi um heimsóknir en of langt mál er að taka fram allar heimsóknir á Jafnréttisstofu.

## STARFSENDURHÆFING NORÐURLANDS

Á hverju ári kemur hópur frá Starfsendurhæfingu Norðurlands í heimsókn til að kynna sér starf Jafnréttisstofu. Í ár komu tveir hópar, fyrri hópurinn kom í mars og seinni hópurinn í nóvember. Í framhaldi af heimsókn fyrri hópsins sótti einn nemandi 15 tíma starfsnám á Jafnréttisstofu.

## FYRIRMYNDARADAGURINN

Þann 17. apríl gerðist Guðmunda Finnbogadóttir starfsmaður á Jafnréttisstofu. Tilefnið var *Fyrirmyndardagurinn* sem haldinn var hátíðlegur þennan dag af frumkvæði Vinnumálastofnunar. Markmið dagsins var að gefa fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til að bjóða einstaklingum með skerta starfsgetu að vera gestastarfsmenn í einn dag eða hluta úr degi. Guðmunda gekk rösklega til verks og raðaði fundargögnum í fimmtíu möppur á mettíma.



## VÍSINDASKÓLI BARNA

Jafnréttisstofa tók þátt í Vísindaskóla barnanna sem Háskólinn á Akureyri stóð fyrir í júní. Hóparnir voru fimm og um það bil 15 krakkar í hverjum hópi, á aldrinum 11 til 13 ára. Einn hópur kom á dag í heila viku og kynnti sér starfsemi Jafnréttisstofu og fræddist um stöðu kynjanna og kynjajafnrétti. Krakkarnir voru líflegir og áhugasamir um jafnréttismál og höfðu ýmislegt til málann að aleggja.

### *BJÖRT FRAMTÍÐ Í HEIMSÓKN*

Þingmenn Bjartrar framtíðar komu í heimsókn á Jafnréttisstofu 10. apríl og urðu afar góðar umræður um stöðu jafnréttismála og ýmislegt fleira.

### *TRYGGINGASTOFNUN ÍSLANDS*

Á vordögum heimsóttu átta stjórnendur Tryggingastofnunar Jafnréttisstofu. Ýmis mál voru rædd er snerta kyn og tryggingakerfið. Athygli vakti að mun fleiri konur eru öryrkjar en karlar. Það mál þarf að rannsaka betur. Ingibjörg Elíasdóttir var með fræðsluerindi fyrir hópinn um skyldur atvinnurekenda samkvæmt jafnréttislögunum.

## **ERLENDIR GESTIR**

Jafnréttisstofa tekur á hverju ári á móti erlendum gestum sem koma til landsins í ýmsum erindagjörðum sem tengjast jafnrétti kynja. Bæði er um hópa og einstaklinga að ræða sem vilja fræðast um starfsemi stofunnar og stöðu jafnréttismála á Íslandi. Á undanförunum árum hefur fjöldi heimsókn aukist en það tengist því að Ísland hefur verið í efsta sætinu á lista World Economic Forum um jafnrétti kynja sjö ár í röð.

### *WOMEN DELIVER*

Í upphafi árs fól utanríkisráðuneytið Jafnréttisstofu að taka á móti fulltrúa frá alþjóðasamtökunum *Women Deliver* sem var á leiðinni hingað til lands til þess að kynna starfsemi sína og kanna áhuga stjórnvalda á þátttöku í ráðstefnu samtakana í Kaupmannhöfn 2016. Samtökin berjast fyrir rétt stúlkna og kvenna til heilbrigðis, réttinda og velferð með áherslu á verkefni sem tengjast mæðravernd, kynheilbrigði og kynfrelsi. Jill Sheffield, forseti alþjóðasamtakanna, var á landinu daganna 13.-14. apríl og átti nokkra fundi með Jafnréttisstofu, utanríkisráðuneyti, Utanríkismálanefnd Alþingis auk þess sem haldinn var opin kynningarfundur í samstarfi við Kvenréttindafélag Íslands.



### *HUMAN RIGHTS MONITORING INSTITUTE*

Í apríl fékk Jafnréttisstofa heimsókn frá *Human Rights Monitoring Institute* frá Litháen. Markmið ferðar þeirra til Íslands var að kynna sér starfsemi stofnanna og félagasamtaka hér á landi og mögulegt samstarf í gegnum styrkjakerfi EFTA. Á fundinum með Jafnréttisstofu var farið yfir stöðu jafnréttismála á Íslandi, jafnréttislöggjöfina og fjallað nánar um nokkur atriði sem gestirnir höfðu áhuga á að kynna sér m.a. fæðingarorlofskerfið, kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð.

### CENTER FOR WOMEN AND DEMOCRACY

Þann 19. maí kom í heimsókn stór hópur kvenna á vegum félagsins *Center for Women and Democracy* í Seattle. Þær voru staddar hér á landi til að kynna sér stöðu jafnréttismál á Íslandi. Heimsóknin hafði verið lengi í undirbúningi og kom hópurnir víða við til að kynna sér stöðu mála hér á landi, svo sem lög og reglur, aðgerðir sem gripið hefur verið til, uppbyggingu stofnana í kringum jafnréttismál, starf félagasamtaka og margt fleira. Ingibjörg Elíasdóttir og Tryggvi Hallgrímsson tóku á móti hópnum á Jafnréttisstofu. Ingibjörg var með fræðsluerindi um jafnréttislöggjöfina á Íslandi og Tryggvi var með fræðsluerindi um ??? Ein konan úr hópnum var einnig með fræðsluerindi fyrir hópinn og gestgjafana um jafnréttismáli í íþróttum í háskólum í Bandaríkjunum. Mikil ánægja var með þessa heimsókn og bæði gestir og gestgjafar bættu við þekkingu sína á sviði kynjajafnréttis.



### HEIMSÓKN FRÁ PÓLLANDI

Í júní kom til landsins 19 manna hópur frá Póllandi. Ferðin var skipulögð af *Stefan Batory Foundation* og *Citizens for Democracy*. Ferðin var ætluð frjálsum félagasamtökum sem höfðu hlotið styrkt frá Þróunarsjóði EFTA. Markmið ferðarinnar var að fræðast um stöðu jafnréttismála á Íslandi og byggja upp tengslanet við stofnanir og félagasamtök hér á landi.

### WORKING GENDERATION

Í júní komu 4 kennarar frá Portúgal og Slóvakíu í heimsókn til Jafnréttisstofu. Þau voru stödd hér á landi í tengslum við verkefnið *Working Genderation* sem hlotið hafði styrk frá Þróunarsjóðs EFTA og er unnið er í samstarfi við kennara í Borgarholtsskóla. Gestirnir báðu um að fá almenna kynningu á stöðu jafnréttismála við komuna til landsins og ekki nema sjálfsagt að verða við því.

### HEIMSKÓKN RICHARD LUI

Um miðjan júní kom Richard Lui fréttamaður hjá MSNBC í heimsókn á Jafnréttisstofu. Richard er mikill áhuga maður um jafnrétti kynja og er sendiherra HEFORSHE verkefnisins hjá Sameinuðu þjóðunum. Richard var staddur á landinu í einkaerindum og hafði sambandi við Jafnréttisstofu og óskaði eftir óformlegri heimsókn til þess að ræða stöðu jafnréttismála á Íslandi.

### HEIMSÓKN FRÁ MAKADÓNÍU

Í lok júní kom til landsins 17 manna hópur til þess að kynna sér kynjaða hagstjórn og kynjaða fjárhagsáætlunargerð. Í hópnum voru meðal annars borgarstjórar borganna Skopje, Kumanovo og Gostivar, auk bæjarstjóra nokkurra minni bæja, formaður sambands sveitarfélaga þar í landi auk starfsfólks þess og þriggja fulltrúa frá UN-women á svæðinu. Reykjavíkurborg sá um að skipuleggja heimsóknina og tók Jafnréttisstofa þátt í kynningunni með umfjöllun um stöðu jafnréttismála á Íslandi og umfjöllun um uppbyggingu stjórnarsýslu jafnréttismála á Ísland.

### HEIMSKÓKN NEMANDA VIÐ WASHINGTON UNIVERSETY

Í nóvember kom Annie Werner í rannsóknarferð til Íslands. Annie er nemandi við Washington University í St. Louis, Bandaríknum Norður Ameríku. Í námi sínu hefur hún verið að rannsaka ólíkan skilning fólks á jafnrétti kynja og hvað það merkir. Með ferðinni til Íslands var hún að kynna sér skilning stjórnvalda á Íslandi á hugtakinu jafnrétti og hvernig það er skilgreint í lögum og stefnumótandi



skjöldum. Annie kom og tók viðtal við Huguínu R. Hjaltadóttir um stöðu jafnréttismála á Íslandi, löggjöfina og þau opinberu gögn sem til eru á Íslandi sem marka stefnuna í jafnréttismálum s.s. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

#### HEIMSÓKN FRÁ KANADA

Í september kom til landsins 30 manna kanadískur hópur sem kom til landsins til þess að rækta íslensk tengsl sín við landið. Jafnréttisstofa ræddi stöðu jafnréttismála á Íslandi við hópinn sem hafi mikinn áhuga á fæðingarorlofskerfinu og þátttöku feðra í barna uppeldi á Íslandi. Kanadíski sendiherrann Stewart Wheeler bauð til móttöku að fundi loknum.

#### HEIMSÓKN RÍKISSTJÓRIA GYEONGGI HÉRAÐS Í SUÐUR KÓREU ÁSAMT SENDINEFND

Í lok september kom í til landsins ríkisstjóri Gyeonggi héraðs í Suður Kóreu ásamt stórrí sendinefnd. Jafnréttisstofa hitti sendinefndina í velferðarráðuneytinu þar sem búið var að skipuleggja dagskrá þar sem m.a. var komið inn á stöðu jafnréttismála á Íslandi.

#### SVEIGES KVINNO LOBBY

Í október kom Stephanie Thøgersen starfsmaður *Sveriges kvinno lobby* til landsins til þess að kynna sér íslenska löggjöfum um auglýsingar, þá sérstaklega 29. grein jafnréttislaga um bann við birtingu auglýsinga sem er öðru kyninu til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríðir gegn jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna. Stephanie tók viðtal við Huguínu R. Hjaltadóttur um málið og þær skoðuðu einnig íslenskar auglýsingar og viðbrögð almennings þegar birtast auglýsingar sem gætu fallið undir umrætt bann.



#### HEIMSÓKN FRÁ RÚMENÍU

Í nóvember kom til landsins 20 manna hópur starfsfólks frjálsra félagasamtaka frá Rúmeníu. Ferðin var skipulögð af *Civil Society Development Foundation*, sem sér um upplýsingar og fræðslu Þróunarsjóðs EFTA í Rúmeníu. Markmið ferðarinnar var að fræðast um stöðu jafnréttismála á Íslandi og byggja upp tengslanet við stofnanir og félagasamtök hér á landi.

## ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA

Miðlun upplýsinga- og fræðsla er stór hluti af starfi Jafnréttisstofu. Til þess að sinna því heldur stofan úti heimasíðu með fjölmörgum undirsíðum. Ýmis fræðslurit um jafnréttismál eru gefin út á hverju ári, ýmist á vegum Jafnréttisstofu eða í samstarfi við aðra. Hér eru upplýsingar um það helsta sem kom út á vegum Jafnréttisstofu á árinu.

#### JAFNRÉTTISSTOFA Á NETINU

Upplýsingar og fréttir eru birtar reglulega á vefsíðu Jafnréttisstofu [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is) Markmið Jafnréttisstofu er að heimasíðan sé í senn fróðleg og lifandi. Á heimasíðunni er m.a. að finna safn af fræðsluefni, greinar og skýrslur um jafnréttismál, orðabók og viðburðadagatal með helstu viðburðum sem tengjast jafnréttismálum. Jafnréttisstofa gefur allt sitt efni út rafrænt og er efnið aðgengilegt á heimasíðunni. Heimasíða Jafnréttisstofu er einnig aðgengileg á ensku.





## NORRÆNT DAGATAL

Haustið 2015 tók Jafnréttisstofa upp samstarf við norrænt dagatal til að kynna atburði á sviði kynjajafnréttis. Um er að ræða vefgátt þar sem atburðir á dagatali Jafnréttisstofu sjást einnig á norræna dagatalinu GenderKalenderN sem finna má á slóðinni <http://www.genderkalendern.org/> Jafnréttisstofa hvetur alla sem eru að skipuleggja atburði sem tengjast jafnrétti kynja til að hafa samband og auglýsa viðburði sína á þessum nýja vettvangi.



## JAFNRÉTTISMAT

Í byrjun árs 2015 gaf Jafnréttisstofa út bæklinginn *Jafnréttismat: Mat á jafnréttisáhrifum stefnumótunar, áætlanagerðar og lagasetningar (2014)*. Markmiðið með útgáfu bæklingins er að færa fólki verkfæri til að framkvæma mat á jafnréttisáhrifum innan ólíkra málaflokka. Jafnréttismat er aðferð sem nýtist við undirbúning og skipulag vinnu áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Staða kvenna og karla er metin sem og hvaða áhrif ákvarðanir í málaflokknum koma til með að hafa á jafnrétti kynja. Markmið aðferðarinnar er að velja alltaf þá kosti sem færa okkur nær kynjajafnrétti.

## LYKILLINN AÐ VELGENGNI Á VINNUMARKAÐI

Sumarið 2015 gaf Jafnréttisstofa út bæklinginn *Lykillinn að velgengni á vinnumarkaði*. Um er að ræða endurútgáfu á bæklingi sem gefinn var út árið 2000 sem hluti af jafnréttisátaki Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu og VR. Markmiðið með útgáfu bæklingins er að veita ungu fólki sem er á leið út á vinnumarkaðinn hagnýt ráð um atvinnuleit og fyrstu skrefin á vinnumarkaði. Bæklingurinn var sendur til allra grunn- og framhaldsskóla landsins og símenntunarmiðstöðva. Kennarasamband Íslands fékk einnig kynningu á bæklingnum.

## GENDER EQUALITY IN THE ARCTIC

Í apríl 2015 kom *Gender Equality in the Arctic: Current Realities, Future Challenges* út. Skýrslan er afrakstur tveggja daga alþjóðlegrar ráðstefnu um jafnrétti á norðurslóðum sem haldin var á Akureyri í lok október 2014. Skipuleggjendur ráðstefnunnar voru auk Jafnréttisstofu, utanríkisráðuneytið, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Norðurslóðanet Íslands. Markmið ráðstefnunnar var að stuðla að viðtækri og markvissri umræðu um jafnréttismál á norðurslóðum og leggja grunn að samstarfi þeirra hagsmunaaðila sem rannsaka, kenna, miðla og stuðla að jafnrétti kynjanna á svæðinu. Skýrsluna má finna á slóðinni <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadNews3&ID=1185&CI=0>



## NORRÆNT SAMSTARF

Ísland er þátttakandi í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála í gegnum Norrænu ráðherranefndina. Velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa koma að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Samstarfið byggir á sameignlegri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en í tengslum við framkvæmd hennar starfar embættismannanefndin „ÄK-JÄM“ sem hittist reglulega ásamt því að jafnréttisráðherrar landanna hittast árlega á fundi. Árið 2011 var samþykkt ný samstarfsáætlun undir yfirskriftinni: Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag - Norrænt samstarf um jafnréttismál 2011-2014.

### ÁRLEGUR FUNDUR NORRÆNNA JAFNRÉTTISSTOFNANA

Opinberar stofnanir sem annast jafnréttismál á Norðurlöndunum hafa átt samstarf um árabíl. Á árinu sótti Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur Jafnréttisstofu fund norrænna jafnréttisstofnana sem haldinn var í Þórshöfn í Færeyjum. Að þessu sinni var farið yfir stofnanakerfi jafnréttismála á Norðurlöndunum. Rætt var um löggjöf, umboð og verkefni stofnanna. Það er mismunandi milli landa hvernig þessu er háttað. Ljóst er að Ísland er að verða eftirbátur annarra landa hvað varðar réttarvernd minnihlutahópa en hér á landi er engin heildstæð löggjöf um vernd þeirra. Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn í Nuuk á Grænlandi.

## SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi

### ESB / EFTA:

Jafnréttisstofa tekur þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi. Fulltrúi Jafnréttisstofu á sæti í vinnuhópi EFTA um jafnréttis- og fjölskyldumál og áheyrnaraðild að ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál. EFTA nefndin heldur fundi tvisvar á ári yfirleitt í tengslum við fundi ráðgjafanefndar EU. Á þessum fundum er farið yfir þróun mála hvað varðar nýjar eða endurskoðaðar tilskipanir EU, formennskuáætlanir eru kynntar, skýrslur lagðar fram, og sagt frá því sem er að gerast í jafnréttismálum innan EU. Þessir fundir eru mjög fróðlegir og vekja t.d. athygli á nýju fræðsluefni, ýmist prentuðu eða sem myndböndum á netinu. Á árinu sótti Kristín Ástgeirsdóttir ráðstefnu í Brussel um framtíð kynjajafnréttis í Evrópu. Þar fór fram mikil vinna og komu fram margar tillögur um nauðsynlegar áherslur og aðgerðir.

### KVENNANEFND SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu hefur um árabíl sótt fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW) en í ár ákvað hluti starfólk stofunnar að fara líka. Tilefnið var 20 ára afmæli Pekingsáttmálans. Fundurinn í ár var óvenju stór vegna afmælisins og tók Ísland þátt í nokkrum hliðarviðburðum auk þess að halda sinn eigin. Íslenskar kvennahreyfingin hélt sérstakan hliðarviðburð undir yfirskriftinni Cool Feminism: Exploring Ideas from the North en Jafnréttisstofa kom að undirbúningi og kynningu þess fundar. Sjá nánar um fund Kvennanefndar SP í greininni Pekingsáttmálinn 20 ára á heimasíðu Jafnréttisstofu.

*EVROPURÁÐIÐ*

Evrópuráðið endurskipulagði starfsemi sína árið 2011 þar á meðal það starf sem snýr að jafnrétti kynja. Markmið endurskipulagningarinnar var að tryggja samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í alla stefnumótun á vegum Evrópuráðsins og brúa bilið milli alþjóðlegra skuldbindinga og raunveruleika kvenna í Evrópu. Þrjú megin þemu hafa verið í samstarfinu: að uppræta ofbeldi gegn konum, berjast gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna í fjölmiðlum og aðgangur kvenna að réttarkerfinu. Jafnréttisstofa tekur þátt í störfum nefndar um jafnrétti kynja (GEC) en Hugrún R. Hjaltadóttir hefur verið tengiliður Íslands við nefndina. Meginhlutverk tengiliðarins er að tengja saman Evrópuráðið og þá aðila sem eru ábyrgir fyrir jafnrétti kynja í viðkomandi ríki. Tengiliðirnir eiga einnig að koma á framfæri og styðja við innleiðingu samninga Evrópuráðsins á sviði jafnréttis kynja með það fyrir augum að brúa bilið á milli lagalegs jafnréttis og þess veruleika sem blasir við í aðildarríkjum. Á árinu sótti Hugrún eina ráðstefnu á vegum GEC um aðgang kvenna að réttarkerfinu og einn fund GEC auk þess að sitja námskeið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða sem haldið á vegum nefndarinnar.